Dugnaðarforkar til fjalla á bak við veldi skíðadeildar ÍR

Löngum hefur stofnun skíðadeildar ÍR verið miðuð við kaup Íþróttafélags Reykjavíkur á Kolviðarhóli hinn 10. apríl 1938. Mætti þó rekja tilurð hennar aftur til nóvember 1936 er sérstök skíðanefnd er skipuð innan ÍR. Formlega er þó skíðadeildin ekki stofnuð fyrr en á aðalfundi félagsins 16. janúar 1939. Eiginlegt skíðastarf hófst reyndar nokkrum árum fyrr því félagið hélt til dæmis uppi reglulegum skíðaferðum að Kolviðarhóli veturinn 1935–36. Í ljósi áhuga fyrir þeim var ákveðið snemma árs 1936 að hefjast handa um ákveðnara skipulag skíðaferða og yfirleitt eflingu skíðaíþróttarinnar innan félagsins. Þar sem um alveg nýjan þátt í starfsemi félagsins var að ræða var ákveðið að halda þeirri starfsemi algjörlega utan við annan rekstur, ekki síst fjárhagslega.

Í skíðanefndinni sem skipuð var í nóvember 1936 sátu Þórarinn Arnórsson, Magnús Þorgeirsson, Jón Jóhannesson og Laufey Einarsdóttir. Öll nema Þórarinn höfðu verið í fremstu röð í fimleikaflokkum félagsins. Kom nefndin því m.a. til leiðar að almenningi voru veturinn 1938 kennd undirstöðuatriði í skíðagöngu í Hljómskálagarðinum. Þá hélt ÍR um páska 1937 skíðanámskeið á Kolviðarhóli, svo aftur 14.–28. febrúar 1938, líka á Kolviðarhóli. Kennari á þeim báðum var Tryggvi Þorsteinsson íþróttakennari frá Ísafirði, síðar skólastjóri og skátaforingi á Akureyri. Einnig stóð deildin í samvinnu við önnur félög fyrir sýningu norsks skíðakennara, Kristians Lingsom, í Selfjalli við Lögberg um miðjan febrúar 1937. Þangað höfðu Reykvíkingar fjölmennt á skíði og svo var einnig í þetta sinn.

Lingsom sýndi skíðaíþróttir í Selfjalli við góðar undirtektir. Til að hann gæti sýnt skíðastökk var þar gerður sérstakur stökkpallur. Einnig sýndi hann „slalomhlaup, Kristianiasving

og Telmarksving“ en svo nefndust svig og tvær aðferðir við að renna sér á gönguskíðum í brekku.

Þátttakendur í fyrra námskeiði Tryggva Þorsteinssonar voru tíu, þau Áslaug Sigurðardóttir, Birna Kjartansdóttir (dóttir Áslaugar), Hrefna Ásgeirsdóttir, Árni Þórðarson, Guðni Steinþórsson, Jón Hallgrímsson, Jónas B. Jónsson, Ósvaldur Knudsen, Sigmundur Guðmundsson og Þórarinn Arnórsson.

Tvöfalt fleiri tóku þátt í seinna námskeiðinu, sem fram fór 14.–20. febrúar. Nemendur voru nokkrir hinir sömu og árið áður en þátttakendur voru: Árni Björn Björnsson gullsmiður, Árni Þórðarson barnakennari, Björn Steffensen revisor, frú Elínborg

Farið á skíði á Kolviðarhóli í „boddíbíl“ frá miðbæ Reykjavíkur um 1940.

Kvaran, frú Fríða Knudsen, Guðrún de Fontenay sendiherrafrú, Helgi Eiríksson bankafulltrúi, Ingvar Magnússon bifreiðastjóri, frú Jóhanna Árnadóttir, Jón Sigurðsson skólastjóri, Karl Schram bókari, Katrín Viðar, pianókennari og hljóðfærasali, Leifur Kaldal gullsmiður, Magnús Þorgeirsson verslunarfulltrúi, Ósvaldur Knudsen málarameistari, Sverrir Magnússon cand. phil. et pharm., Valgerður Briem teiknikennari, Þórarinn Arnórsson, forstjóri Pípuverksmiðjunnar, Þorvaldur Þórarinsson lögfræðingur og Andrea Gísladóttir ljósmyndari.

Um páskana 1938 efndu ÍR-ingar til hópferðar til Ísafjarðar og var farið með Súðinni. Mun það vera fyrsta hópferð reykvískra skíðamanna til Ísafjarðar. Strax þegar ÍR-ingar fóru að leggja stund á skíðaíþróttina hófu þeir reglubundnar skíðaferðir um helgar að Kolviðarhóli. Og reyndar var svo komið og undirtektir góðar að í janúar 1939 hóf ÍR áætlunarferðir milli Kolviðarhóls og Reykjavíkur þrisvar í viku enda skíðafæri þá gott efra. Farið var frá „Stálhúsgögnum“ á Laugavegi 11 á hverjum þriðjudags- og fimmtudagsmorgni klukkan 9 árdegis og til baka frá Kolviðarhóli klukkan 4 e.h. Þetta var nýbreytni og nýttu margir sér þetta tækifæri til þess að komast í fyrirtaks skíðabrekkur. Nutu áætlunarferðir þessar vinsælda hjá þeim sem áttu heimangengt í miðri viku. Þannig voru 27 manns í fyrstu ferðinni, fimmtudaginn 26. janúar.

Ferðir þessar önnuðust í byrjun vörubifreiðar með farþegaskýlum frá Vörubifreiðastöðinni Þrótti. Þátttaka var yfirleitt mjög góð, allt upp í 400–500 manns um helgi, enda voru ferðir þessar jafnt fyrir félagsmenn sem utanfélags.

Ótrúlegt þótti að mörg skíðapör hefðu legið ónotuð í bænum um helgar á þessum tímum. Þegar vörubifreiðarnar hættu að annast þessar ferðir tók við þeim Bjarni í Túni og Klausturbræður með rútum. Sáu þeir um ferðirnar upp eftir þar til skíðafélögin sameinuðust um ferðirnar árið 1951, en þá fékk þær Guðmundur Jónasson.

Í árslok 1937 og fram í byrjun janúar 1938 sendi Íþróttasamband Íslands þrjá skíðamenn á námskeið hjá norska skíðasambandinu í Mjallarfjöllum í Noregi um nýárið. ÍR-ingurinn Árni Árnason var valinn til fararinnar af félagsins hálfu og lét hann vel af námskeiðinu. Það stóð í fimm daga og var kennslu háttað með tilliti til þess að þátttakendur yrðu sem færastir um að kenna öðrum. Aðalkennari var kafteinn Helset, aðalþjálfari norskra skíðamanna sem sótt höfðu Ólympíuleika. Eftir námskeiðið fóru Íslendingarnir þrír til Óslóar og iðkuðu skíðaíþróttina í þrjá daga undir handleiðslu eins kennarans af námskeiðinu. Þeir veittu því eftirtekt að skíðaíþróttin var almennari í Noregi en á Íslandi og að hið opinbera gerði þá mikið til að halda uppi áhuga almennings fyrir íþróttinni og styrkti hana með ríflegum fjárframlögum.

Kolviðarhóll keyptur fremur en hús undir Ingólfsfjalli

Skíðaáhuginn var vaknaður innan ÍR er félagið efndi til 30 ára afmælisfagnaðar 1937. Þar gáfu allir þeir sem verið höfðu formenn félagsins til samans 1.000 krónur í peningum sem verja skyldi til skíðaskála fyrir félagið. Strax var hafist handa og svipast var um eftir heppilegu húsnæði. Kom fyrst til mála

Skíðafólk við komuna að Kolviðarhóli um 1940.

að kaupa hús austur við Sog sem var til sölu. Það þótti í ýmsa staði hentugt en ekkert varð þó úr kaupum á því. Loks komu upp raddir um að félagið ætti að festa kaup á Kolviðarhóli. Um það voru mjög skiptar skoðanir meðal félagsmanna. Var mál það komið svo

Séð heim að Kolviðarhóli eftir að ÍR eignaðist staðinn. Lengs til vinstri sér í skíðageymsluna góðu en hægra megin við Hólinn eru gömlu bæjarhúsin.

langt síðla vetrar 1938 að ákveðið var að kalla saman almennan félagsfund 28. mars til þess að bera það undir félagsmenn hvort félagið ætti að festa kaup á Kolviðarhóli.

Skömmu áður en fundurinn hófst kom Óttar Proppé, sonur Ólafs Proppé framkvæmdastjóra, að máli við Jón Kaldal og skýrði honum frá að faðir sinn ætlaði að gefa 500 krónur í peningum til félagsins ef úr Kolviðarhólskaupum yrði. Frá þessu skýrði Kaldal á félagsfundinum og hafði það mikil áhrif á félagsmenn að utanfélagsmaður skyldi sýna þessa rausn og áhuga fyrir skíðaskálamálinu. Fór svo að fundurinn samþykkti að ÍR skyldi festa kaup á Kolviðarhóli. Þau áttu sér stað 10. apríl 1938. Um það mál og örlög Kolviðarhóls er fjallað í sérstökum kafla.

ÍR-stofan á Kolviðarhóli. F.v. Jón Kaldal fyrsti formaður skíðadeildar og formaður ÍR 1935–1938 og Sigurliði Kristjánsson (Silli) formaður ÍR 1933–1935.

Á aðalfundinum 1939 voru samþykktar víðtækar breytingar á lögum ÍR, aðallega vegna skíðadeildarinnar. Þar var kosin sjö manna framkvæmdastjórn fyrir Kolviðarhól. Hlutu kosningu í einu hljóði þeir hinir sömu og annast höfðu kaup á eigninni og höfðu starfað sem framkvæmdanefnd fyrir henni. Kosnir voru Ágúst Jóhannesson, Árni B. Björnsson, Ásgeir L. Jónsson, Helgi Jónasson, Sigurliði Kristjánsson, Jón Kaldal og Þórarinn Arnórsson. Í félagslögunum nýju var kveðið á að framkvæmdastjórnin skyldi kosin til þriggja ára en að þeim tíma liðnum árlega. Það gekk þó ekki eftir 1942 því enn var kosið til þriggja ára, en samþykkt þó að fækka stjórnarmönnum úr sjö í fimm. Úr hópnum gengu Ásgeir og Þórarinn en aðrir stjórnarmenn voru hinir sömu og fyrr.

Stjórnin hafði á hendi alla umsjón og fjárreiður Kolviðarhóls og annað er hann varðaði. Ágreiningur reis um þetta fyrirkomulag á aðalfundinum 1939. Lagði Steindór Björnsson til að samþykkt yrði að formaður ÍR yrði jafnan boðaður á fundi framkvæmdastjórnarinnar svo honum gæfist kostur á að fylgjast með störfum nefndarinnar. Eftir nokkrar umræður um tillöguna var hún felld með 22 atkvæðum gegn 15. Þótti þetta ekki við hæfi þar sem í lögum stóð að framkvæmdastjórn Kolviðarhóls væri óháð stjórn félagsins að öllu leyti.

Hóllinn skuldlaus eign ÍR fimm árum eftir kaupin

Framkvæmdastjórnin sótti þó eftir sem áður umboð sitt til aðalfundar félagsins. Atkvæðisrétt um málefni hennar höfðu fyrst um sinn eingöngu félagar í ÍR, ekki þeir sem bara voru félagar í skíðadeildinni. Þeir höfðu bara málfrelsi og tillögurétt þar sem árstillag þeirra var mun lægra en í félaginu sjálfu eða 5 krónur í stað 15. Markmið deildarinnar var lögum hennar samkvæmt að vinna að eflingu skíðaíþróttarinnar í Reykjavík og nágrenni og annarra útiíþrótta sem hægt var að iðka á Kolviðarhóli. Stuðla á þann hátt að auknu heilbrigði fólks og lífsgleði. Ennfremur var stjórnin bundin af því í lögunum að reyna eftir megni að veita fólki eins ódýrar ferðir til og frá Kolviðarhóli sem tök leyfðu og ódýrt uppihald.

Á fyrsta aðalfundi eftir kjör framkvæmdastjórnarinnar, eða 1942, fékk Jón Kaldal, formaður skíðadeildarinnar, allsherjarlófatak að launum er hann hafði gefið fundinum ítarlega skýrslu um starf félagsdeildarinnar. Gjaldkerinn Árni B. Björnsson fékk einnig almennt lófatak eftir að hafa skýrt frá hag deildarinnar. Stóðu fundarmenn síðan allir sem einn upp til að þakka stjórn deildarinnar ágætt starf.

Svo vel hafði tekist með reksturinn á Kolviðarhóli að Kaldal gat skýrt aðalfundi félagsins 19. maí 1943 frá því að Hóllinn væri orðinn skuldlaus eign ÍR, eða fimm árum eftir að hann var keyptur. Höfðu kaup félagsins á staðnum og sú starfsemi sem félagið stóð fyrir mælst vel fyrir hjá almenningi. Fjöldi manna rétti félaginu þakklætisvott. Nefndi Kaldal sem dæmi um þennan hlýhug að ónefndur „borgari hér í bæ“ hefði gefið skíðadeildinni 4.000 krónur hinn nýliðna vetur.

ÍR byggði stærsta stökkpall landsins og kom upp fyrstu skíðalyftunni hérlendis

Eftir kaupin á Kolviðarhóli hófust ÍR-ingar handa um að gera aðstöðu til skíðaiðkana þar sem besta. Byggðu þegar sumarið 1938 skíðastökkbraut og var pallurinn við Búastein einn stærsti

Skíðastökkpallur ÍR við Búastein í Þverfelli ofan Kolviðarhóls var mikið mannvirki.

stökkpallur hérlendis í áratugi og eini skíðastökkpallurinn í skíðalöndum Reykvíkinga lengi vel. Teikningar að honum gerðu Einar Pálsson verkfræðingur og Steinþór Sigurðsson magister og sáu þeir einnig um byggingu stökkpallsins.

Þá var og komið upp skíðalyftu í Hellisskarði á Þverfelli, þeirri fyrstu á Íslandi. Árni Árnason mælingamaður sá um að koma henni upp, sá hinn sami og sendur var til Noregs á skíðanámskeið í árslok 1937. Dráttarbraut þessi var 160 metra löng og knúði hana mótor úr Chevrolet, árgerð 1929. Þessi nýjung við Kolviðarhól öðlaðist vinsældir allra skíðamanna jafnskjótt og þeir komust í kynni við hana. Sparaði dráttarbrautin þeim mikla áreynslu og krafta með því að draga þá upp brekk-

una. Ólíkt því sem áður var, er þeir þurftu að þramma upp brekkurnar áður en þeir gátu rennt sér, þurftu þeir nú ekkert annað að gera en að renna sér niður brekkuna og hanga svo í kaðli brautarinnar þegar aftur var farið upp.

Skíðatogbraut ÍR í Þverfelli í Hellisskarði ofan Kolviðarhóls var fyrsta togbraut á Íslandi 1938 og brekkan var líka upplýst.

Vígsla stökkpallsins við Búastein hjá Kolviðarhóli fór fram 25. mars 1939. Nokkrir Siglfirðingar heimsóttu ÍR gagngert í því skyni. Það var ekki þrautalaust að koma athöfninni í kring því snjólétt var um þetta leyti til fjalla og hlýindi. Næstu daga á undan unnu sjálfboðaliðar að því af mikilli elju að bera snjó í stökkbrautina. Jón Þorsteinsson skíðakappi stökk fyrstur. Mældist vígslustökk hans 45 metrar. Næstur stökk Stefán Þórarinsson og lenti einnig eftir 45 metra en datt. Stökk aftur gilt stökk sem mældist 42 metrar. Ásgrímur Stefánsson stökk svo 37½ metra og loks Þorkell Benónýsson 35 metra. Fjöldi áhorfenda horfði á stökkin og lét óspart í ljós fögnuð sinn.

Svanberg Þórðarson á fleygiferð í keppni.

Hinn frægi norski skíðamaður Birger Ruud var staddur hérlendis og sýndi stökk á vegum Skíðafélags Reykjavíkur í Hveradölum. Mun honum hafa litist vel á stökkbrautina við Kolviðarhól og haft í huga að stökkva í henni, að loknum stökkum í Flengingarbrekku. Vegna veðurs varð þó aldrei neitt úr því.

Áður en Siglfirðingarnir héldu heim á leið var Jón Þorsteinsson sæmdur Kolviðarhólsmerkinu fyrir afrekið er hann opnaði stökkbrautina. Hinir sex Siglfirðingarnir sem einnig stukku af pallinum voru sæmdir heiðurspeningum, eða Stefán Þórarinsson, Þorkell Benónýsson, Ásgrímur Stefánsson, Guðmundur Guðmundsson, Jón Stefánsson og Sveinn Sveinsson.

Stökkpallurinn var endurbyggður sumarið 1962 og tekinn í notkun næsta vetur. Af pallinum var hægt að ná 40 metra stökki. ÍR átti nokkra góða stökkmenn og var búist við að pallurinn yrði til að styrkja stöðu þeirra enn frekar og jafnframt leiða til aukins áhuga á skíðastökki. Þær vonir rættust þó ekki svo neinu nemur.

Hin hvíta list vinsælust íþrótta

Skíðaíþróttin var vinsælust íþrótta á seinni hluta fjórða áratugarins ef marka má grein sem Jón Kaldal reit í Morgunblaðið 9. febrúar 1939. „Það má segja að á skömmum tíma hafi skíðaíþróttin heillað til sín aðdáendur hinnar hvítu listar hér á landi, svo að nú er engin önnur íþrótt sem nýtur jafn mikilla vinsælda hjá almenningi.

Svo er nú komið að bæði þeir sem heima sitja og þeir sem leita til fjallanna um helgar fárast yfir þeim vandræðum að ekki skuli vera nægur snjór til skíðaiðkana, svo almennur er skilningurinn orðinn á gildi þessarar göfugu íþróttar. Þetta er gleðilegur vottur um stefnubreytingu í huga almennings um hvernig frídögunum skuli best varið.

Skíðaverksmiðjurnar hafa tæplega undan að smíða skíði fyrir þá sem stöðugt bætast við í hópinn og daglega rekst maður á einhverja sem eru í útréttingum og undirbúningi fyrir skíðaferðir. En ennþá dæmir þó fjöldinn skíðafærið eftir því útliti sem er hér í Reykjavík. Ef á götunum og í nágrenni Reykjavíkur er lítill snjór, þá er álitið að skíðafærið sé ekki gott. Síðasta helgi bar þess ljósan vott og voru þá aðeins um 70–80 manns samtals á skíðum hjá öllum skíðaskálunum, þrátt fyrir að þá var ágætt skíðafæri hjá flestum skálunum. Þessi hræðsla mun þó hverfa með tímanum.

Einstaka menn geta til þess að þessi alda sé aðeins „móður“ sem hjaðni seinna meir. Þessu þarf ekki að kvíða, því erlendis, þar sem skíðaíþróttin hefur náð til almennings um tugi ára, fer þátttakan stöðugt vaxandi og svo mun það verða hér í framtíðinni,“ segir Jón.

Hann bætir því við að kaup ÍR á Kolviðarhóli hafi notið meiri vinsælda en dæmi eru til um nokkurt annað íþróttamál hér á landi. Máli sínu til stuðnings segir hann félaginu hafa verið gefnar margar stórgjafir sem hafi lagt grundvöllinn að framkvæmdum þar efra. Stjórn Kolviðarhóls væri svo bjartsýn á starfsemina að hún tryði að Kolviðarhóll gæti í framtíðinni orðið miðstöð vetraríþrótta hér sunnanlands. Vissulega var fjölmennt þangað upp eftir næstu árin en vonin um að þar yrði vetraríþróttamiðstöð rættist aldrei.

Erlendir skíðakennarar til ÍR strax á fyrsta starfsári

Eitt af meginmarkmiðum stjórnar skíðadeildar ÍR var að efla skíðaíþróttina og kenna fólki að fara á skíðum. Strax á fyrsta starfsári hinnar nýstofnuðu deildar fékk hún sænskan skíðakennara til liðs við sig, George Tufvesson. Kom hann með Lyru til landsins í lok febrúar 1939 og tók þegar til starfa að Kolviðarhóli. Hann var ekki ókunnugur hér, hafði verið við skíðakennslu veturinn 1936 vestur á Ísafirði. Kenndi hann aðallega svig og brun en ekki stökk. Fullbókað var orðið í sjö námskeið Tufvessons við komu hans til landsins en ekki var hægt að hafa fleiri en 20 á hverju námskeiði. Lærðu því á annað hundrað Reykvíkingar hjá honum hvernig fara ætti á skíðum.

F.v. Sigurjón Þórðarson, Óli Björn Guðmundsson, Haraldur Jóhannesson, Gunnar Hjaltason, Einar Eyfelds, Magnús Árnason, Haraldur Árnason, Björn Þorbjörnsson, Sigurbjörn Sv. og Páll Jörundsson, skósmiður sem gerði skíðaskó til margra ára.

Blaðamaður Morgunblaðsins tók þátt í einu sex daga námskeiðanna. Í frásögn sinni af því í blaðinu 9. mars fer hann lofsamlegum orðum um kennarann. Segir skíðadeild ÍR hafa verið

heppin með kennara og skíðafólk mætti þakka ÍR fyrir að hafa fengið Tufvesson hingað. Hann segir hann og hafa æft nemendur sína meira en aðrir útlendir kennarar sem í landinu hafi verið. Regla þeirra var að kenna frá 10–12 og 2–4 og láta það nægja hvernig sem viðraði. Tufvesson hafi aftur á móti drifið fólkið út kl. 9½–12, síðan 2–4 og einnig 5–7 þegar gott var veður. Ef ekki viðraði þá hélt hann fyrirlestur inni í Kolviðarhóli um skíði, skíðaútbúnað, skíðaáburð o.s.frv. Annan eftirmiðdag sem ekki var fært út í brekkur notaði hann tíma til þess að kenna og æfa skíðaleikfimi.

„Það eru margir sem halda því fram að skíðaíþróttin grípi suma menn eins og veiki. Til marks um hversu heillandi íþróttin er grípur hún hug þess manns allan sem byrjar að stunda hana. Smásaga þessu til stuðnings: Á fyrsta sex daga skíðanámskeiði Tufvessons að Kolviðarhóli voru „fulltrúar“ margra stétta í þjóðfélaginu og menn á öllum aldri. Þar voru 15–17 ára skólapiltar, ung heimasæta og kaupmenn á fimmtugsaldri (og stóðu sig ekki lakast). Þegar allur þessi misliti hópur settist að matarborðum eða í setustofuna að loknu borðhaldi mætti halda að opnað hefði verið fyrir útvarpið og reynt að hafa það „huggulegt“.

Skíðað í Hellisskarði ofan Kolviðarhóls á fyrstu árum deildarinnar. Undirstaðan í svigi er plógurinn.

En því var ekki þannig varið. Það var sama umræðuefnið alla vikuna – skíðaíþróttin og leyndardómar hennar – þó brotið væri upp á einhverju öðru umræðuefni var ávallt komið aftur að þessu sama. Í miðri viku kvaddi einn sér hljóðs og hrópaði upp: Hafið þið gert ykkur það ljóst að það er kannske búið að mynda þjóðstjórn? Þeir sem nenntu að líta upp frá umræðum um hvernig beita ætti dalskíðinu og brekkuskíðinu horfðu vorkunnaraugum á þennan vanstillta unga mann. Hvern fjárann kom það námskeiðsfólki á Kolviðarhóli við hvort búið væri að bræða saman þjóðstjórn eða ekki? Ég sá líka brátt, að mannsauminginn iðrðist frumhlaups síns, því skömmu síðar var hann kominn í hörku stælur út af „plógsveiflu“ eða „stemmsveiflu“.

En svo er það eitt enn athugavert við skíðaferðir og það er – matarlystin. Hún eykst og hún eykst og hún eykst. Ég hefi séð menn borða það sem kalla mætti sæmilega máltíð handa fulltíða manni eftir skíðaferð. En þegar ég hélt að þeir ætluðu að standa upp frá borðum byrjuðu þeir á skyrinu – og ekkert jafnast á við skyr eftir skíðaferð.

Enda er ekki óalgengt á Kolviðarhóli t.d. að menn spörðrenni þremur kúffullum diskum – svo fullum að mjólkin kemst ekki fyrir á diskinn. Ég var oft að velta því fyrir mér hvernig hún Valgerður húsfreyja á Hólnum færi að því að selja skíðafólki mat nema eftir vigt,“ sagði í frásögn blaðamannsins sem þátt tók í skíðanámskeiðinu.

ÍR naut þess að Leutelt varð innlyksa á Íslandi í stríðsbyrjun

Annan erlendan kennara fékk ÍR til liðs við sig árið eftir, Þjóðverjann dr. Rudolph Leutelt, fjallgöngumann sem kom til landsins sumarið 1939 á vegum Fjallamannafélags Íslands. Hann hafði um margra ára skeið verið fastur skíðakennari á bestu vetraríþróttastöðum í Alpafjöllum, Ítalíu og Suður-Frakklandi. Áður hafði hann komið hingað til lands nokkrum sinnum af áhuga fyrir íslenskum fjöllum og jarðfræði. „Þegar seinna stríðið skall á komst Leutelt ekki heim til sín og það hefir orðið hamingja ÍR,“ sagði í samtalsgrein við kennarann í Morgunblaðinu. Í henni hvatti hann skíðafélögin til að vinna meira saman en þau gerðu og stofna með sér landssamband sem eingöngu ynni að framgangi skíðaíþróttarinnar. Sagði hann ekki vanta efni í góða skíðamenn hér heldur vantaði tilfinnanlega kunnáttu til leiðsagnar á skíðum.

Leutelt hélt nokkur námskeið á Kolviðarhóli veturinn 1939–40, fyrst milli jóla og nýárs og síðast um miðjan apríl. Sett var sem skilyrði fyrir þátttöku í því síðastnefnda að menn kynnu að minnsta kosti plógsveiflu. Í greininni sagði að það sem skíðafólk gæti fyrst og fremst lært hjá Leutelt væri leikfimi í sveiflum og beygjum og þar með hið nauðsynlega öryggi sem öllum væri svo mikilsvert er ætluðu að stunda skíðaíþróttina eitthvað að ráði og öðlast þá ánægju er íþróttin veitti.

Þegar Leutelt var við skíðakennslu á Kolviðarhóli í apríl var hann fjarri skarkala stríðsins. Fljótlega eftir komu bresks herliðs hingað í maí var hann handtekinn ásamt fleiri Þjóðverjum og meintum samverkamönnum nasista hér. Voru þeir fluttir til Skotlands og síðan átti að flytja þá til Kanada ásamt öðrum þýskum stríðsföngum. Þar var ætlunin að þeir yrðu í haldi þar til eftir stríð. Á leið til Kanada sökkti hins vegar þýskur kafbátur fangaskipinu, hinu 15.500 tonna Arandorra Star, við Skotlandsstrendur. Komust allir af, eftir því sem best er vitað, utan tveir Þjóðverjar ofan af Íslandi. Var dr. Leutelt annar þeirra. Svo fyrirvaralaus var árásin að ekki vannst tími til að koma út öllum björgunarbátum áður en skipið sökk.

Ófærðin hélt ekki aftur af þátttakendum

Vegna stríðsástandsins var ekki hægt að fá erlenda kennara næstu árin og ekki um neinn garð að gresja í þeim efnum hérlendis. Þess í þess stað lögðu hinir æfðari, reyndari og duglegri félagsmenn, sem voru við æfingar uppi á Kolviðarhóli, sig fram um að kenna

Nína Helgadóttir í keppni.

Valgerðarkofinn (Valgerðarstaðir) í túnfæti Kolviðarhóls var eina athvarf ÍR-inga á fjöllum í nokkur ár.

og hjálpa hinum yngri og óreyndari. Þá fékk ÍR skíðakappann Magnús Kristjánsson frá Ísafirði til að kenna á námskeiðum veturinn 1945. Voru þau vel sótt þrátt fyrir erfiða færð á meðan á þeim stóð. Það létu áhugasamir þátttakendur ekki svo mikið á sig fá. Því þótt oft væri ófært á milli Kolviðarhóls og Lögbergs á þessum árum gekk fólkið á skíðum á milli. Enda naut það góðrar fylgdar dugnaðarferðamanna úr röðum ÍR-inga, meðal annarra Guðmundar Sveinssonar, Friðriks Daníelssonar og Gunnars Hjaltasonar.

Að stríði loknu opnaðist á ný sá möguleiki að fá kennara að utan. Strax fyrsta veturinn kom til landsins sænskur íþróttakennari, Georg Bergfors. Hélt hann á vegum ÍR nokkur skíðanámskeið og kenndi aðallega göngu. Ávöxturinn varð sá að ÍR eignaðist nokkra góða skíðagöngumenn. Síðar um veturinn, eða í mars 1946, kom annar sænskur kennari, Bibo Nordenskjöld, ásamt konu sinni. Héldu þau nokkur skíðanámskeið í svigi á Kolviðarhóli á vegum ÍR eða meðan snjór leyfði. Skíðasnjór var lítill þennan vetur og því erfitt til skíðaiðkana. Best var færið í Innstadal og þangað varð að fara gangandi á hverjum degi.

Nordenskjöld var atvinnukennari og einn af þekktustu svigkennurum Svía. Hann hafði lagt sérstaka stund á „brekkutækni“ og kenndi einnig skíðastökk. Hafði hann kennt bæði í Svíþjóð og Sviss.

Ráðist í nýja skálabyggingu til að losna úr þrengslum

Að því kom að rekstur Kolviðarhóls varð félaginu um megn – þótt mannvirkið væri skuldlaust varð tugþúsunda króna tap á rekstri þess árlega, sem var stórfé. Árið 1952 var svo komið að ekki fékkst umsjónarmaður að Kolviðarhóli sem félagið treysti og var því rekstri þar hætt. Þremur árum seinna var húsið selt Reykjavíkurborg. Kreppti því nokkuð að skíðadeildinni en í um áratug höfðu ÍR-ingar til afnota lítinn skála skammt frá Kolviðarhóli, svonefnda Valgerðarstaði. Hann rúmaði aðeins 12–15 manns og voru þrengslin mjög bagaleg fyrir deildina. Því komu fljótt upp hugmyndir innan ÍR að reisa nýjan skíðaskála. Í júní 1955 var skálastæðið valið í Hamragili, nær nýju skíðasvæði, og undirbúningur byggingar hafinn. Hinn 20. ágúst 1956 var byrjað að grafa og grunnur hússins steyptur um haustið. Loks þegar hægt var að hefjast handa árið eftir – grunnur hafði skemmst vegna frostáhrifa og hann hafði ekki verið rétt steyptur svo breyta varð teikningu – sem tafði verkið, var skollið á farmannaverkfall. Af þeim sökum var ekki timbur sem þurfti til byggingarinnar fáanlegt. Auk þessa háði fjárskortur framkvæmdum. Lágu þar niðri allt fram á árið 1959.

Þórir Lárusson varð formaður skíðadeildarinnar 1957 og freistaði hann þess að þoka byggingunni áfram með því að skipa byggingarnefnd árið eftir. Í henni sátu Sigurjón Þórðarson, Logi Magnússon og Hörður Björnsson. Hófust þeir handa en það varð þó ekki fyrr en eftir að fengist hafði stuðningur Alberts Guðmundssonar, formanns ÍR, árið 1959 að verkið komst aftur vel af stað. Hvatti hann skíðamenn til dáða og lagði sitt af mörkum með því að gefa sjálfur allt járn á þak skálans. Krafturinn við smíðina var þvílíkur að reisugildi var haldið sunnudaginn 13. september 1959. Hjöluðu fjórir fánar við stangir sínar er sjálfboðaliðar úr ÍR negldu síðustu borðin á þaki skálans í djúpri fjallakyrrð þann dag.

Skíðadeild ÍR var á þessu stigi íþróttalega sterkari en nokkru sinni fyrr – og ef til vill félagslega einnig – og bjartsýni mikil í félagsmönnum. Ekki rættust þær vonir sem látnar voru í ljós í reisugildinu að skíðaskálinn yrði tilbúinn að ári. Það hafðist ekki fyrr en á 55 ára afmæli ÍR, í mars 1962, áratug eftir að Kolviðarhóll lagðist af. Þótti tilhlýðilegt að opna húsið til afnota á afmælinu þar sem það var hið fyrsta sem ÍR reisti. Skálinn var að langmestu leyti reistur í sjálfboðaliðastarfi félagsmanna sjálfra. Samkvæmt bókhaldi Sigurjóns Þórðarsonar, fyrrverandi formanns ÍR og skíðadeildarinnar, lögðu þeir á sig um 20.000 vinnustundir við smíðina. Það var fyrst og fremst dugnaði og ósérhlífni þeirra að þakka að húsið reis af grunni. Sumir þeirra voru meðal byggingarmanna alveg frá því byrjað var að grafa fyrir grunni hússins 1955. Þar á meðal Hörður Björnsson byggingarfræðingur og gamalkunnur skíðakappi, sem teiknaði skálann og fylgdist með og leiðbeindi lagtækum mönnum við byggingu hans. Þeir sem mest komu við sögu við smíði skálans voru Jóakim Snæbjörnsson, Ólafur Valur Sigurðsson, Pétur Erlendsson,

Glæsilegt er Hamragilið en myndin er frá árunum eftir vígslu skálans 1962. Karlagilið vinstra megin og kvennagilið hægra megin.

Ragnar Thorvaldssen, Jakob Albertsson, Grímur Sveinsson, Þorkell Ingimarsson, Haraldur Pálsson, Sigurjón Þórðarson, Þórir Lárusson, Þórunn Árnadóttir, Logi Magnússon, Árný Hallvarðsdóttir, Þorbergur Eysteinsson, Anna Margrét Marísdóttir, Sigurður Einarsson, Þórhildur Guðmundsdóttir, Lára Magnúsdóttir, Kristján Beck, Ágúst Björnsson, Hörður Þórarinsson, Jóna Kjartansdóttir, Þórður Sigurjónsson og Reynir Ragnarsson.

Er mannvirkið var tekið í notkun nam byggingarkostnaðurinn tæplega 1,4 milljónum króna. Keypt vinna við bygginguna var aðeins 4% af heildarkostnaðinum. Sagði Sigurjón við vígsluna að slíkt væri líklega einsdæmi um byggingu íþróttamannvirkis í landinu í seinni tíð. Frá ríki



Handagangur við steypuvinnu stéttar skíðaskála ÍR. Mikið og fórnfúst sjálfboðaliðastarf var unnið við byggingu skálans.

Forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, og Steinþór Jakobsson skíðakappi úr ÍR sem leiðbeindi forsetanum á skíðum í Hamragili skömmu eftir vígslu skíðaskálans 1962.

hafði fengist 12.000 króna styrkur og 42.000 frá Reykjavíkurborg. Því til viðbótar ákvað íþróttasjóður ríkisins að greiða laun Harðar fyrir tæknilega vinnu. Hörður hafði gefið vinnu sína félaginu og því runnu greiðslurnar beint til þess.

Skíðaskálinn nýi þótti glæsilegur og nýtískulegur í útliti en hann var 250 fermetrar á 1½ gólfi. Staðurinn sem valinn var til skálans var fallegur frá náttúrunnar hendi. Hjalli uppi í hlíðinni, hafinn yfir sléttuna, nægilega til þess að fjalladýrðin nyti sín. Hann stendur 230 metra yfir sjávarmáli og allt í kring og í næsta nágrenni var gott skíðaland. Frá framhlið skálans sást fram yfir Bolavelli og út yfir Svínahraun til Bláfjalla; hin fegursta sýn í björtu veðri. Í skálanum var lengi hluti þeirra húsgagna sem prýddu stofur Kolviðarhóls er ÍR-ingar hófu skíðaíþróttina til vegs og virðingar áratugum fyrr. Við lokun Hólsins voru þau flutt í geymslu til Reykjavíkur. Rennandi vatn var í ÍR-skálanum og díselrafstöð lýsti bæði upp húsið og nærliggjandi brekkur. Rafvirkjar deildarinnar, en þeir voru margir, settu upp flóðlýsingu í Hamragilinu svo hægt var að stunda skíði að kvöldi til sem um hádag væri. Hugur ÍR-inga stóð til að koma þar upp dráttarbrautum og gera nágrenni skálans að virkilegu skíðasvæði. Gott land fyrir skíðagöngu var í nágrenni skíðasvæðis, bæði á Bolaflötum og völlunum við Kolviðarhól.

Vígsla Skíðaskála ÍR í mars 1962. Annar f.v. er Jón Kaldal, fyrsti formaður skíðadeildar, þá Albert Guðmundsson, formaður ÍR 1959–1961, og í ræðustól Sigurjón Þórðarson, formaður ÍR 1961–1962 og jafnframt formaður byggingarnefndar skálans. Uppi á pallinum má greina Þórarin Harðarson, son Harðar Þórarinssonar rakara.

Skömmu eftir vígslu skálans sýndu Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands og Dóra Þórhallsdóttir forsetafrú félaginu þann heiður að gista skálann í nokkra daga. Hrepptu þau hið versta veður þessa daga, einhver þau verstu sem voru þennan vetur. Ásamt þeim dvöldu þar Sigurjón Þórðarson, formaður ÍR, og kona hans Sigrún Sigurðardóttir og skíðakennarinn Steinþór Jakobsson sem leiðbeindi forsetahjónunum og veitti þeim innsýn í hina hvítu list. Gríðarleg aðsókn varð strax í skálann eftir vígslu hans. Meðal annars var hann yfirfullur alla páskana.

Oftast var mannmargt í skálanum þegar skíðasvæðið var opið á veturna. En þar var ekki aðeins líf og fjör hluta ársins. Skálinn var einnig leigður út á sumrin og var því góð tekjulind fyrir skíðadeildina. Þar var rekið barnaheimili á sumrin í nokkur ár á sjöunda

áratugnum og í seinni tíð var hann líka mikið notaður af hestamönnum. Einhverjir töldu móra búa þar efra. Undan honum er kvartað í ársskýrslu skíðadeildarinnar 1967–68 en þar koma þó illkvittnari öfl en vofur við sögu:

„Segja má að einhver draugur sé í skálanum, því þarna uppfrá er öllu stolið steininum léttara. Og ef einhverjum verður sú megin skyssa á að læsa skálanum, er búið að brjóta rúður eða sprengja upp læsinguna næst þegar að verður komið, enda erum við núna farnir að hafa skálann opinn í von um að þeir, sem eiga svona brýnt erindi í skálann, komist óhindraðir inn og eyðileggi ekkert," segir þar.

Franskur verkfræðingur kannaði aðstæður fyrir lyftu í Hamragili

Allt frá upphafi vega hefur framkvæmdagleði einkennt liðsmenn skíðadeildar ÍR. Hafa þeir alla tíð fært miklar fórnir í þágu félagsins með nánast ómældri sjálfboðavinnu við að bæta aðstæður á skíðasvæði félagsins. Grundvöllur hefði tæpast verið fyrir starfseminni með öðrum hætti. Lagfærðu þeir brekkur, komu upp lyftum, lögðu rafmagn í skála og reistu vatnsveitu. Árin 1945–1949 var unnið mikið sjálfboðaliðsstarf við Kolviðarhól og m.a. lögð 2–3 km löng vatnslögn sem var mikið afrek. Með tilkomu hennar þurfti ekki

Hengjan í Hamragili var mikil áskorun og skemmtilegri svigbakkar finnast vart.

Á góðri stund við sumarhús Jónu og Harðar við Elliðavatn. Þessi hópur hefur verið krafturinn í skíðadeildinni um langt árabil, haldið saman í fjallinu við uppbyggingu mannvirkja, rekstur deildarinnar og mótahald. Haldið vinskap yfir árin og farið í gönguferðir og ferðalög innanlands og skíðaferðir erlendis og komið reglulega saman til ánægju. Efsta röð f.v. Stefán Bjarnason, Þórður Sigurjónsson, Sigurður Haukssson, Haraldur Árnason, Pétur Þorgilsson, Sigurður Einarsson, Halldóra Gísladóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Erna Maríusdóttir, Þórhildur Guðmundsdóttir, Ingunn Ólafsdóttir og Reynir Ragnarsson. Miðröð f.v. Birgir Hermannsson, Helgi Hallgrímsson, Þorbergur Eysteinsson, Sigurjón Þórðarson, Valur Pálsson, Auður Gunnarsdótttir, Margrét Schram, Ása Kristjánsdóttir og Auður Ólafsdóttir. Fremsta röð f.v. Anna Margrét Marísdóttir, Hörður Þórarinsson, Þórir Lárusson, Elva Ólafsdóttir, Auður Björg Sigurjónsdóttir og Jóna Kjartansdóttir.

Jóakim Snæbjörnsson (Kimmi) eins og svo oft áður sem ræsir við tengingar á búnaði 1968.

lengur að ganga með vatnsbirgðir um langan veg á Hólinn, stundum allar götur frá Lögbergi. Á sjötta og sjöunda áratugnum var skíðadeildin mjög félagslega sterk og reyndar ávallt síðan. Liðsmenn deildarinnar hafa tengst vináttuböndum og haldið vel saman, farið í ferðir innanlands sem utan, myndað göngu- og golfhópa svo eitthvað sé nefnt.

Eftir bernskuárin og nokkra snjólétta vetur dvínaði almennur áhugi fyrir skíðaíþróttinni, einkum þó vegna sjólítilla vetra á sjöunda áratugnum. Jókst hann ekki á ný fyrr en eftir opnun Bláfjallasvæðisins.

Lyfta 1 í fullum gangi og fyrsti lyftuskúrinn. F.v. Þórhildur Guðmundsdóttir, Halldóra Gísladóttir, Reynir Ragnarsson, Þórhildur Hinriksdóttir, Þórður Sigurjónsson og Sigurjón Þórðarson.

Alltaf voru ÍR-ingar samt stórhuga og án bjartsýni og óbifanlegs vilja hefði minna orðið úr framkvæmdum og aðstöðubótum. Í þessum anda var franskur verkfræðingur fenginn til landsins árið 1965 og athugaði hann lauslega um uppsetningu á vandaðri skíðalyftu, þá helst stólalyftu, í Hamragili. Ljóst var að það yrði mjög kostnaðarsamt og segir í ársskýrslu deildarinnar eftir heimsóknina, að það yrði að bíða betri tíma.

Öflugar lyftur voru settar upp með tíð og tíma í gilinu og nágrenni en aldrei stólalyfta. Leystu þær af hólmi frumstæðar lyftur sem dráttarvélar höfðu drifið áfram á sjöunda áratugnum. Notkun þeirra varð þó ekki gríðarlega mikil vegna snjóleysis á þessum árum. Það bitnaði á deildinni með ýmsum hætti. Átti hún að halda skíðamót Reykjavíkur 1969 og var búin að leggja nokkra vinnu í undirbúning sem fór til einskis því sakir snjóleysis gat ekki orðið af mótinu. Að lokum skilaði hún því aftur til skíðaráðsins sem hélt það við erfiðar aðstæður í Jósefsdal. Þar hrósuðu ÍR-ingar eftir allt sigri því Knut Rönning varð Reykjavíkurmeistari í svigi.

Gjaldkerinn vann stórafrek og auglýsingar borguðu fullkomin tímatökutæki

Undirbúningur Reykjavíkurmótsins þremur árum áður fór hins vegar ekki forgörðum.

Tækifærið var notað til að afla tekna. Svo vel tókst til með öflun auglýsinga og styrktaraðila að eitt hundrað fyrirtæki styrktu deildina til mótshaldsins 1966 með því að auglýsa í keppnisskránni. Tekjurnar gerðu deildinni meðal annars kleift að festa kaup á tímatökutæki af fullkominni gerð. Gerðu tækin alla framkvæmd móta

auðveldari en áður. Voru þau bresk og af gerðinni Hird-Brown.

Það er ekki aðeins að skíðamenn ÍR hafi verið kraftakarlar þegar um framkvæmdir og betrumbætur á aðstöðu félagsmanna hefur verið að ræða. Oftast hafa líka atorkumenn verið í forystu deildarinnar. Einn þeirra vann sérstakt afrek í byrjun sjöunda áratugarins. Á aðalfundi deildarinnar 1961 lofaði Ragnar Þorsteinsson gjaldkeri því að hann skyldi greiða upp skuldir deildarinnar með því að ná inn svo mikilli upphæð í félagsgjöldum að nægði fyrir 9.067,03 króna skuld. Við það stóð hann og efndi þar með loforðið. Aldrei áður höfðu náðst inn jafnmiklar tekjur af félagsgjöldum hjá skíðadeild ÍR og þá – og tæpast seinna, miðað við verðgildi krónunnar gegnum tíðina. Til að fá einhvern mælikvarða á hlutfallslega upphæð skuldarinnar samsvaraði hún búðarverði á 30 tonnum súpukjöts í Reykjavík í október 1961. Sé verðlag þá fært til nútímans var núvirði súpukjötsins 1961 tvöþúsundfalt hærra 2005. Var skuld deildarinnar er Ragnar strengdi heit sitt því um 18 milljónir króna á núvirði!

Lyfturnar gætu dregið alla Íslendinga á sólarhring

Aðstaða skíðamanna í Hamragili batnaði talsvert veturinn 1970–71 er 17 skíðalyftur voru keyptar til landsins frá Sviss. Sjö fóru á Reykjavíkursvæðið og eina þeirra fengu ÍR-ingar í Hamragil. „Það mundi taka skíðalyfturnar 17 sem væntanlegar eru til landsins aðeins 24 tíma að flytja 204 þúsund manns upp 300 metra skíðabrekku. Á einum sólarhring gætu þessar lyftur því „afkastað“ einni ferð á hvern einasta Íslending. Vel ætti því að vera séð

Það var gott og gaman að skíða í gilinu og þessar störfuðu líka mikið fyrir deildina. F.v. Auður Ólafsdóttir, Auður Gunnarsdóttir, Margrét Schram, Ingunn Ólafsdóttir, Jónína Kristjánsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir og Þórunn Árnadóttir.

fyrir skíðalyftum fyrir þá mörgu sem áhuga hafa á skíðaíþróttinni,“ sagði Vísir í frétt í byrjun nóvember um lyfturnar væntanlegu. Ætlunin var að þær yrðu komnar upp um áramótin. Hver lyfta kostaði 220–260 þúsund krónur og var samanlagt verðmæti þeirra því um fjórar milljónir.

Um þetta leyti voru skíðamenn teknir að beina sjónum sínum í auknum mæli til Bláfjallasvæðisins. Var skíðadeild ÍR í fararbroddi í þeim efnum og eitt þeirra félaga sem beittu sér fyrir því að Bláfjallasvæðið yrði opnað. Fluttist starfsemi félagsins um nokkurra ára bil nær alveg yfir í Bláfjöllin en um síðir hrökklaðist félagið þó til baka.

Skíðaráð Reykjavíkur, undir forystu Þóris Lárussonar, sem lengi var í for-

ystu skíðadeildar ÍR og síðar formaður félagsins, skipaði haustið 1967 nefnd til að finna og athuga ný skíðasvæði Reykvíkinga til að leysa gömlu svæðin af hólmi ef önnur fyndust betri. Þorbergur Eysteinsson keppnismaður ÍR var einn þriggja nefndarmanna. Benti nefndin fljótlega á tvö svæði; Bláfjöllin og Hengilssvæðið beint upp af Nesjavöllum. Taldi hún báða staði betur fallna til skíðaiðkana en nokkurt það svæði sem skíðafélögin störfuðu þá á og myndu gjörbreyta öllum skíðaháttum Reykvíkinga. Var bent á að í Bláfjöllum snjóaði snemma og snjó tæki seint upp. Brekkur væru margar og breiðar og vel til skíðaiðkunar fallnar. Svæðið gæti tekið við miklum fjölda fólks. Niðurstaða nefndarinnar var að Bláfjöll væru heppilegasta framtíðarskíðasvæði Reykvíkinga.



Hengjan í Hamragili var mikil áskorun fyrir skíðamenn. F.v. Steingrímur Birgisson, Gunnar og Ásmundur Helgasynir og Arnar Þórisson.

ÍR-ingar frumkvöðlar að því að skíðalönd voru numin í Bláfjöllum

Ætlun Skíðaráðsins var að félögin öll í Reykjavík nytu jafnréttis á nýja svæðinu. ÍR og Ármann voru þó áhugasömust og ákveðnust að flytja starfsemi sína þangað. Samþykkti ráðið svæðaskiptingu fyrir félögin í Bláfjöllum, en að þeirri ákvörðun átti m.a. skíðadeild Ármanns aðild. Um síðir fékkst vegur lagður inn á svæðið, mest fyrir tilstilli Eysteins Jónssonar ráðherra sem Þorbergur sonur hans og skíðamaður þrýsti á. Er vegarlagningin stóð yfir 1972 stofnuðu félögin tvö til samstarfs vegna skipulags og nýtingar svæðisins. Í því miðju setti skíðadeild Ármanns niður skála í Bláfjöllum án nokkurs leyfis og þótti ÍR-ingum þeir þar með hafa sniðgengið samstarfsnefndina. Upp úr samstarfinu slitnaði nokkru seinna. Þótti ÍR-ingum Ármenningar bæði sýna þá og seinna yfirgang varðandi Bláfjallasvæðið og ekki fara eftir leikreglum.

ÍR-ingar sóttu um leyfi til byggingar skála í Bláfjöllum og til að setja þar upp lyftu. Þrátt fyrir munnlegar og skriflegar ítrekanir árum saman fengu þeir aldrei svar frá samstarfsnefnd sveitarfélaga um fólkvang í Bláfjöllum, Bláfjallanefnd. Gramdist ÍR-ingum að á sama tíma og ítrekuðum erindum hennar var ekki svarað hóf Bláfjallanefndin viðræður við skíðadeild Ármanns um uppsetningu á lyftu. Sú málaleitan var þó mun yngri en umsókn ÍR. Fór svo að aðalfundur skíðaráðsins lagðist mjög gegn samningi Bláfjallanefndar og Ármenninga eins og hann lá fyrir síðla árs 1978. Með honum þótti búið að veita Ármanni slíka séraðstöðu í Bláfjöllum að líkja mætti því við að einu félagi væri afhentur Laugardalsvöllur til umráða.

Leit ÍR svo á að skíðadeild félagsins hefði verið hrakin úr Bláfjöllunum. Árið 1976 var svo komið að upprunalegt skíðasvæði hennar þar hafði verið tekið úr hennar umsjón. Tvær lyftur deildarinnar voru að auki fjarlægðar án nokkurrar tilkynningar eða fyrirvara og jarðýta Reykjavíkurborgar eyðilagði lyftuendastöð félagsins. Lyftuvarðarskýli var tekið af grunni. Verk þessi áttu sér stað að hausti þannig að of seint var að setja lyfturnar eða skýlið upp annars staðar vegna frosta í jörð. Er skíðalyftum ÍR var mokað í burtu skemmdust þær það mikið að viðgerð kostaði tvisvar sinnum meira en lyfturnar kostuðu í upphafi.

Hljótt hefði orðið um ÍR til fjalla

Meðan ÍR-ingar sættu sinnuleysi af hálfu Bláfjallanefndar hófust þeir handa um að koma fyrri aðstöðu sinni í Hamragili í viðunandi horf. Lagði skíðadeildin mikið af mörkum til uppbyggingar þar. Var svo komið að eignir félagsins í Hamragili voru metnar á annað hundrað milljónir árið 1979. Í grein um þessi mál í Morgunblaðinu í desember 1978 segir Þórir Lárusson að hljótt hefði orðið um ÍR til fjalla ef félagið hefði ekki hafist handa um það og beðið endalaust eftir svari Bláfjallanefndar. „En ÍR hefir enn áhuga á að reisa mannvirki í Bláfjöllum, og af reynslu Ármenninga væri líklega best að þeir settu sig niður í óleyfi og byðu borginni birginn, en það hefir ekki verið stefna ÍR hingað til og mun ekki verða, því þrátt fyrir allt kunnum við að meta styrki þá er borgarstjórn útvegar okkur af fé borgarbúa og bjóðum borgarbúa velkomna að nýta sér mannvirki okkar í Hamragili og síðar í Bláfjöllum," segir Þórir.

ÍR-ingar héldu sig við Hamragilið næstu áratugina og hafa enn ekki reist sér skála í Bláfjöllum eins og Þórir boðaði. Á allra síðustu misserum hafa mál þó skipast þannig að það komst aftur á dagskrá. Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur (ÍTR) þrýsti á það nokkur síðustu ár að skíðadeildin flytti starfsemi sína í Bláfjöll ásamt skíðadeild Víkings og losaði þannig allan rekstur af Hengilssvæði. Fimmtudaginn 26. október 2006 var skrifað undir samning við Reykjavíkurborg um flutning deildarinnar af Hengilssvæðinu yfir á svonefnt suðursvæði í Bláfjöllum. Keypti ÍTR skíðalyftur ÍR, færði barnalyftuna í Bláfjöll og yfirtók skálana í Hamragili. Í staðinn byggði borgin nýjan skíðaskála fyrir deildina í Bláfjöllum. Þar var deildin til húsa í bráðabirgðaskála í vetur en síðar á 100 ára afmælisárinu fær skíðadeild ÍR afhentan nýjan skíðaskála sem staðsettur verður við lyftu sem kölluð er „Mikki refur" og er á milli skála Breiðabliks og Ármanns. Með

Þórir Lárusson, síðar formaður ÍR, keppti lengi á skíðum fyrir félagið.

þessum samningum lauk starfsemi á Kolviðarhólssvæðinu sem félagið hóf um 70 árum áður.

Í skýrslu stjórnar skíðadeildarinnar sem lögð var fyrir aðalfund deildarinnar vorið 2006 segir Auðunn Friðrik Kristinsson formaður deildarinnar, að ekki séu allir sáttir við þessar málalyktir. Víða séu blendnar tilfinningar vegna flutninganna. Undanfarin ár hafi stjórnir skíðadeildar ÍR staðið í ströngu við að sannfæra yfirvöld um ágæti Hengilssvæðisins og varið til þess miklum tíma. Mikill missir væri að svæðinu en breytingum fylgdu ávallt tækifæri og mikilvægt væri að horfa á kosti flutninganna. Deildin færi í nýtt og glæsilegt hús á fjölbreyttu og vinsælu skíðasvæði. Þar væri góð aðstaða fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna. Góð tenging yrði við nýju stólalyftuna í Kóngsgili og við hlið nýja skálans yrði svæði sem útbúa mætti fyrir allra yngstu iðkendurna. Næsta skref væri að undirbúa flutninginn og hefja sókn á nýju svæði. Skíðadeild ÍR ætlaði sér að koma með reisn og af krafti í Bláfjöllin, þaðan sem félaginu var úthýst 30 árum áður.

Skíðadeildin skilar af sér skíðaskála deildarinnar og undirbýr flutning í Bláfjöll í nóvember 2006. F.v. Sigrún Inga Kristinsdóttir þjálfari, Haukur Sigurðsson, Haukur Magnús Einarsson, Einar Hafsteinsson, Hilmar Magnússon, Ásrún Hauksdóttir og Auðunn Kristinsson, formaður deildarinnar.

Heim á fornar slóðir

Eins og áður segir færði deildin sig aftur á fornar slóðir í Hamragilinu þegar hún þótti ekki eiga framtíð í Bláfjöllum. Á árunum 1975–77 endurbyggðu nokkrir ötulir liðsmenn deildarinnar skíðaskálann þar og kom það sér einkar vel þegar starfsemin flutti aftur „heim“ í Hamragil á árunum 1977–78. Frá þeim tíma og allt þar til Reykjavíkurborg tók við rekstri svæðisins einkennist starfsemi deildarinnar af geysilegri sjálfboðavinnu félagsmanna og dugnaði við að koma upp og bæta aðstöðu til skíðaiðkunar í Hamragili. Fyrst í stað voru kaðallyfturnar sem verið höfðu í Bláfjöllum notaðar en 1976 hófst undirbúningur að byggingu Doppelmayr-toglyftu sem sett var upp í Karlagilinu og tekin í notkun 1979. Gjörbreytti hún allri aðstöðu til æfinga og mótahalds og lyftist því brúnin á ÍR-ingum eftir nokkurra ára tímabil angurs og mótlætis. Tveimur árum síðar var önnur slík en þó styttri sett upp í Kvennagilinu. Um 80 fermetra hús frá Húsasmiðjunni var reist við byrjunarstöð lyftanna og gjörbreytti það allri aðstöðu til lyfturekstur. Í því rúmaðist miðasala og aðstaða til gæslu með lyftunum, hvíldar- og kaffiaðstaða fyrir gesti, herbergi með svefnaðstöðu fyrir tvo starfsmenn og verkstæði til viðgerða jafnt á tækjum sem skíðabúnaði. Hús þetta eyðilagðist í snjóflóði í desember 1992, eins og fram kemur annars staðar í þessum kafla. Reistu félagsmenn þá mjög myndarlegt og vandað finnskt bjálkahús sem stórbætti alla aðstöðu.

Um svipað leyti og Húsasmiðjuhúsið var reist, eða um og upp úr 1980, kom fyrsta barnalyftan í Gilið. Var það kaðallyfta sem naut strax mikilla vinsælda enda afar þægilegt að fylgjast með börnunum af verönd lyftuhúsanna. Á þessum tíma hófst einnig undirbúningur að byggingu 700 metra langrar Poma-lyftu sem ná skyldi allt upp á topp Skarðsmýrarfjalls. Hún var risin meira og minna um jólaleytið 1981. Til að steypa undirstöður lyftumastranna fengu ÍR-ingar nýja þyrlu Landhelgisgæslunnar til að létta sér verkið í byrjun vetrar. Fór þyrlan samtals 80 ferðir með 40 tonn af steypu frá botni Hamragils og upp á fjallið og var verkinu lokið á sex klukkustundum. Var þessi lyfta tekin í notkun snemma árs 1982. Að henni var hægt að renna sér beint úr lengri Doppelmayr-lyftunni sem kom upp Karlagilið, en Poma-lyftan skilaði fólki á topp Skarðsmýrarfjallsins. Útsýni þaðan var með ólíkindum gott og fagurt bæði til austurs og vesturs og hægt var að velja um margar leiðir til að renna sér niður að lyftuhúsinu aftur eða yfir á skíðasvæði Vikings. Úr Víkingslyftunum var síðan aftur hægt að renna sér yfir á ÍR-svæðið og opnaði þetta marga möguleika í leiðavali fyrir skíðamenn.

„Þeir bestu“. Glæsilegur hópur ungra skíðamanna um 1980. Efri röð f.v. Hermann Valsson ÍR, Örnólfur Valdimarsson ÍR, ópekkt, Helga Bjarnadóttir ÍR, ópekktur, Helga Stefánsdóttir ÍR, Ásmundur Þórðarson KR, Karl Frímannsson Akureyri, Ásmundur/ Gunnar Helgason ÍR, Jón Ásgeir Jónsson ÍR, Sigurður H. Jónsson Ísafirði, Steingrímur Birgisson ÍR. Neðri röð f.v. Kristján Valdimarsson ÍR, Gunnar Ólafsson Víkingi, ópekktur, Gunnar Smárason ÍR, Hafþór Bragason Fram, Þór Ómar Jónsson ÍR og Tinna Traustadóttir Ármanni.

Lyftur ÍR gátu flutt 2.600 manns á klukkustund

Þegar 75 ára afmæli ÍR rann upp árið 1982 hafði skíðadeildin byggt upp hina ákjósanlegustu aðstöðu til skíðaiðkana á landi sínu við Hamragil. Þar áttu þeir skíðaskála með gistiaðstöðu fyrir hundrað manns og fjórar lyftur sem flutt gátu 2.600 manns upp brekkurnar á hverri klukkustund. „Þarna eru brekkur allt að tveir kílómetrar á lengd, allar troðnar. Lyfturnar flytja menn neðst neðan úr Hamragilinu upp á tind Skarðsmýrarfjalls, 1.250 metra vegalengd, en þar stendur mönnum opið eitthvert skemmtilegasta skíðasvæði hér sunnanlands. Þaðan er hægt að ganga um allt Hengilssvæðið, allt inn í Innstadal, og munum við merkja

Sigrún Sigurðardóttir var fyrsti kvenkeppandi ÍR sem keppti í A-flokki í alpagreinum.

göngubrautir á svæðinu nú í vetur. Þetta svæði býður upp á óendanlega möguleika," sagði Valur Pálsson, formaður skíðadeildarinnar, í samtali við bókarhöfund sem birtist í Morgunblaðinu í janúar 1983.

Frekari mannvirkjagerð fylgdi uppbyggingunni í Hamragilinu. Myndarlegt verkstæðis- og troðarahús var reist um miðjan níunda áratuginn skammt fyrir ofan bílastæðið og neðan við Húsasmiðjuhúsið. Í því var gryfja sem auðveldaði gífurlega alla aðstöðu til viðgerða á troðurum. Einnig var í húsinu skíðageymsla, verkstæði og kaffistofa fyrir starfsmenn. Troðara keypti ÍR fyrst notaðan frá Sviss 1982

Viðgerð á troðara ÍR. Ómæld sjálfboðavinna ÍR-inga fór í rekstur skíðasvæðisins um árabil.
F.v. Örn Pálsson, Pétur Þorgilsson, Andrea Kristinsdóttir og Sigurður Hauksson.

og nokkrum árum síðar var einnig keyptur vélsleði til að létta verkum af troðaranum en snjótroðarar eru afar dýrir í rekstri og bilanatíðni há. Ný vönduð toglyfta fyrir börn var keypt og sett upp í lok níunda áratugarins á svipuðum stað og kaðallyftan var á. Naut hún strax mikilla vinsælda enda var góð barnalyfta forsenda þess að barnafólk kæmi á svæðið til skíðaiðkunar.

Öllum þessum framkvæmdum sinntu liðsmenn skíðadeildarinnar í sjálfboðastarfi auk margra annarra, svo og viðhaldi á lyftum, troðara og húsum. Samhliða því varð að sinna félagsstarfinu. Með flutningnum í Bláfjöllin losna félagsmenn að mestu við hin verklegu störf sem hvílt hafa á deildinni. Í staðinn geta þeir nú einbeitt sér að félagsstarfinu þar sem þeir þurfa hvorki að reisa lyftur lengur né gera við troðara.

Fyrstu keppendur Guðmundur Sveinsson og Haraldur Árnason

Snemma eignuðust ÍR-ingar ágæta skíðamenn sem kepptu á öllum mótum í Reykjavík á fyrstu árum deildarinnar og landsmóti. Má þar nefna Árna Þ. Árnason, Einar Eyfells, Jóhann Eyfells, Harald Árnason, Guðmund Sveinsson, Ósvald Knudsen, Björn Þorbjarnarson og Zóphónías Snorrason. Bolli Gunnarsson, faðir Einars körfuboltamanns og -þjálfara, var og orðinn A-flokksmaður í svigi og bruni með frammistöðu sinni á Íslandsmótinu 1939 og Hörður Björnsson 1941. Varð Bolli svigmeistari ÍR 1940.

Fyrsta konan í ÍR sem komst í A-flokk í svigi og bruni á styrkleikaskrá Skíðasambandsins var Sigrún Sigurðardóttir með frammistöðu sinni á Íslandsmótinu 1943. Árið eftir komust Erla Kjartansdóttir og Gunnhildur Guðmundsdóttir í B-flokk með árangri

sínum á Íslands- og Reykjavíkurmótum. Það gerði Inga Ólafsdóttir svo 1946, en auk þessara var Karólína Hlíðdal meðal fyrstu keppniskvenna ÍR á skíðum. Fyrsti ÍR-ingurinn á flokkaskránni í skíðastökki var Magnús Björnsson sem komst í A-flokk út á árangur sinn á Íslandsmótinu 1945.

Árni Þ. Árnason stóð sig vel á Thulemótinu 1938, varð fimmti í svigi þótt brekkan væri harðari og brattari en menn áttu að venjast. Fyrir vikið luku keppni aðeins 29 af 46 skráðum. Enginn ÍR-ingur keppti á landsmótinu sem fram fór þetta ár á Siglufirði. Gísli B. Kristjánsson var sigursæll í mótum veturinn 1945, vann sjö gull í göngu og alpagreinum. Á þessum árum lagði Gunnar Hjaltason allar brautir á skíðamótum.

Síðar gerðu garðinn frægan afreksmenn á borð við Eystein og Svanberg Þórðarsyni, Valdimar Örnólfsson, Þorberg Eysteinsson og Jakobínu Jakobsdóttur og loks Örnólf, son fyrrnefnds Valdimars. Aðrir sem unnu titla fyrir félagið á fimmta til áttunda áratugnum eru Úlfar Skæringsson, Guðni Sigfússon, Grímur Sveinsson, Þórarinn Gunnarsson og Úlfar Andrésson, Sigurður Einarsson og Jakob Albertsson. Einkum voru þeir Úlfar og Guðni sigursælir á mótum. Kringum 1950 var Hafsteinn Þorgeirsson sterkur í alpagreinum, Hafsteinn Sæmundsson í alpagreinum og stökki og Sveinn Sveinsson í stökki fyrir 1950. Þá voru Steinþór Jakobsson og Haraldur Pálsson einnig atkvæðamiklir á mótum, en sá fyrrnefndi fluttist um 1960 til Bandaríkjanna og starfaði sem skíðakennari lengi, bæði við eigin skíðaskóla og hjá öðrum.

Hópur keppenda í Hamragili 1966. F.v. Guðbjörg Haraldsdóttir ÍR, Auður Björg Sigurjónsdóttir ÍR, Jakob Albertsson ÍR, Úlfar Ásgeirsson KR, Ásgeir Christiansen Víkingi, Guðni Sigfússon ÍR, Haraldur Pálsson ÍR, Tómas Jónsson Ármann, Eyþór Haraldsson ÍR, Haraldur Haraldsson ÍR og Þorbergur Eysteinsson ÍR.

Eysteinn var í hópi mestu afreksmanna ÍR-inga á seinni hluta sjötta áratugarins. Varð hann ekki aðeins Íslandsmeistari 14 sinnum í einstaklingsgreinum heldur bar hann hróður félagsins og íslenskra skíðamanna til annarra landa með frábærri frammistöðu sinni. Hæst bar árangur hans á Vetrarólympíuleikunum í Squaw Valley í Kaliforníu 1960.

„Fór með gát, en flýtti sér þó" – Besti árangur Íslendinga á stórmóti

Eysteinn náði besta árangri sem íslenskir skíðamenn höfðu náð í alpagreinum á vetrarleikum. Og langur tími leið uns afrek hans var bætt. Varð hann í 17. sæti í svigkeppninni og í 12. sæti í þríkeppni, en þar er um að ræða samanlagðan árangur í bruni, svigi

og stórsvigi. Hvort tveggja glæsilegur árangur er sýndi vel öryggi Eysteins sem skíðamanns, kunnáttu og reynslu. Hann varð 27. í stórsvigi og í 37. sæti í bruninu.

„Eysteinn stóð sig með prýði. Hann brást aldrei, fór með gát, en flýtti sér þó. Hélt hann legunni, fékk ekki bakhalla og var ágætlega öruggur. Tæknin er góð og hreyfingarnar hófsamar,

Skíðamót ÍR haldið í Kerlingafjöllum 1966. F.v. Leifur Gíslason KR, Kristinn Benediktsson Ísafirði, Haraldur Pálsson ÍR, Sigurður Guðmundsson Ármanni, Björn Ólsen KR, Georg Guðjónsson Ármanni, Þórir Lárusson ÍR, Sigurður Einarsson ÍR, Ásgeir Úlfarsson KR og Þorbergur Eysteinsson ÍR.

staðan falleg og skapar gott jafnvægi. Skarpskyggni hans og minni á brautir brást honum ekki. Augað er næmt og skilningurinn. Hann er fljótur að draga fumlaust ályktanir. Hæfilega ákveðinn vilji lætur ekki truflast. Lundin er þjál og þolinmóð. Eysteinn á létt með að einbeita sér og hafa vald á hreyfingum. Árangur hans er sá besti sem náðst hefur af Íslendingi í skíðaíþrótt á Ólympíuleikum."

Þannig kemst fararstjóri ólympíufaranna til Squaw Valley, Hermann Stefánsson, að orði í skýrslu til Ólympíunefndar Íslands um þátttökuna í leikunum. Hann segir einnig að það hafi verið til góðs fyrir keppendurna íslensku að dveljast í Aspen í Colorado við æfingar fyrir leikana. Ekki síst svo að taka í lok dvalarinnar þátt í Rockcup-mótinu svonefnda. Harla léleg frammistaða þeirra þar hafi orðið til að hrista hrollinn rækilega úr piltunum þannig að frammistaðan varð betri á sjálfum leikunum.

Úlfari neitað um frí til að keppa á Ólympíuleikunum í Cortina 1956

Eysteinn keppti einnig á vetrarleikunum í Cortina á Ítalíu fjórum árum áður, 1956. Annar ÍR-ingur keppti á leikunum, Valdimar Örnólfsson. Upphaflega voru þrír ÍR-ingar valdir til fararinnar. Ásamt þeim Eysteini og Valdimar var Úlfar Skæringsson einnig valinn og skyldi keppa í svigi og stórsvigi. Hann fór þó aldrei til Cortina því vinnuveitendur hans í málningarverksmiðjunni Hörpu neituðu honum um frí til fararinnar. Auk þeirra kepptu systkinin Jakobína og Steinþór Jakobsbörn frá Ísafirði á leikunum en árið eftir gengu þau í raðir ÍR-inga. Eysteinn varð í 26. sæti af 90 keppendum í svigi og 56. sæti af 90 í stórsvigi. Valdimar lauk ekki keppni í svigi vegna meiðsla.

„Okkur Íslendingunum gekk ekki vel, fengum slæm rásnúmer, sökum þess að við höfðum ekki getið okkur orðstír á alþjóðavettvangi. Brautirnar gróf-ust og þegar að okkur kom voru þær

svellaðar, holóttar og varasamar," segir Eysteinn í bókinni Fimmtán íþróttastjörnur eftir Kristján Jóhannsson, Íslandsmethafa ÍR-inga í langhlaupum, sem út kom 1966.

Eysteinn var frá Ólafsfirði en fluttist alfarinn 17 ára til Reykjavíkur og þá tóku skíðin sinn skerf af frítímanum. „Ég var undireins kominn austur á heiðar þegar minnsta tækifæri gafst. Ég gekk í ÍR, og ein fyrsta keppni mín fyrir félagið var á Stefánsmótinu 1952. Ég keppti í B-flokki og vann, varð á undan Jakobi Albertssyni og Pétri Antonssyni," segir hann.

Eysteinn segir í bókinni frá undarlegri keppni þeirra Hjálmars Stefánssonar í bænum Garmisch Partenkirchen í byrjun ársins 1957. „Þetta var heldur söguleg keppni. Heitt var í veðri, um 9 stig á Celcíus, og sólbráð mikil. Við Hjálmar hlutum rásnúmer um 40, og þegar að okkur kom voru brautirnar orðnar að krapasulli og sumstaðar grafnar niður í auða jörð. Skíðin rótuðu upp mold, grastægjum og kúamykju þegar við tókum kröppustu beygjurnar. Er að marki dró varð á leið okkar stóreflis pollur og gusaðist vatnið á okkur, er við brunuðum yfir hann. Blautir og óhreinir komumst við loks á leiðarenda og vorum númer 25–30 í röðinni.

Eftir þetta mót var okkur boðið niður til Ítalíu til keppni á árlegu alþjóðamóti er „3 tre" nefnist. Það er haldið í bænum Madonna de Campiglio í Dólomítafjöllunum. Þar er mjög fagurt. Þegar keppnin fór fram var autt niðri í dölunum. Þeir voru grænir og

blómstrandi, en hærra uppi glampaði mjöllin á öllum tindum. Keppnin fór fram í 2.000 metra hæð. Veður var gott, en þoka niður í miðja braut. Ég varð número 20 í stórsvigi af um 70 keppendum, en í sviginu gekk mér betur, varð número 9. Þeir sem á undan mér voru eru flestir heimsfrægir skíðamenn. Þessi árangur skapaði mér „nafn" meðal skíðamanna í Evrópu," segir Eysteinn. Hann var tveimur árum eftir leikana sendur á heimsmeistaramótið á skíðum í Bad Gastein í Austurríki ásamt Úlfari Skæringssyni.

Minnstu munaði að Eysteinn og Jakobína slægju í gegn á Holmenkollenmótinu fræga í Ósló 1957. Eftir yfirburðaferðir urðu bæði fyrir því óláni að detta nálægt marki í seinni ferð. Jakobína hafði á þessu stigi vakið á sér eftirtekt sem ein af fremstu skíðakonum Evrópu. Eysteinn keppti þrisvar á mótinu fræga í Holmenkollen og stóð sig vel;

Keppendur á skíðamóti í Hamragili og fleiri fyrir framan skíðaskála ÍR fljótlega eftir vígslu skálans. F.v. Óli vert í skíðaskálanum í Hveradölum, Gunnar KR, Ásgeir Eyjólfsson Ármann, Guðni Sigfússon ÍR, Bjarni Einarsson Ármanni, Jakobína Jakobsdóttir ÍR, Hilmar Steingrímsson, KR, Ásgeir Úlfarsson KR, Haukur Hergeirsson Ármanni, Hirnrik H. Hermannsson KR, Haraldur Pálsson ÍR, Sigurður Einarsson ÍR, Þórir Lárusson ÍR, Marta B. Guðmundsdóttir KR og Karólína Guðmundsdóttir KR. Sitjandi á palli f.v. Magnús Leópoldsson, Sverrir, Eyþór og Haraldur Haraldssynir ÍR, Júlíus Magnússon, Gísli Erlendsson, Þórður Sigurjónsson og Reynir Ragnarsson, allir úr ÍR.

Eysteinn Þórðarson skíðakappi úr ÍR og besti skíðamaður Íslendinga til margra ára.

kom heim með verðlaun af því. Með árangri sínum þar og á öðrum mótum ytra veturinn 1957 vann hann sér sess í fyrsta ráshóp í alpagreinum á skíðamótum í Evrópu.

Fyrsti sigur á skíðalandsmóti í grein sem ætíð var keppt í en enginn titill fylgdi!

ÍR-ingar eignuðust sína fyrstu sigurvegara á skíðalandsmóti árið 1948 á Akureyri. Þrír liðsmenn félagsins, Guðni Sigfússon, Hafsteinn Þorgeirsson og Gísli B. Kristjánsson, voru í sveit Reykjavíkur sem vann sveitakeppnina í svigi á Íslandsmótinu. Einhverra hluta vegna var ekki veittur meistaratitill fyrir flokkasvigið, eins og hins vegar var gert í skíðagöngu. Þeir þremenningarnir röðuðu sér í annað til fjórða sæti í sjálfri svigkeppni mótsins. Alls sendi ÍR átta keppendur til Akureyrar og uppskáru þeir vel. Inga Ólafsdóttir vann bæði svig og brun í B-flokki kvenna, Gísli B. varð þriðji í brunkeppninni og Hafsteinn Sæmundsson þriðji í skíðastökki unglinga.

Þremur árum áður unnu ÍR-ingar reyndar sinn fyrsta sigur á skíðamóti Íslands, eða 1943 í Hveradölum. Keppendur ÍR voru 12 og vann sveit félagsins keppni um svigbikar sveita í B-flokki. Í henni voru Haraldur Árnason, Jóhann Eyfells og Ólafur Bj. Guðmundsson. ÍR-ingar stóðu sig einnig vel á landsmótinu 1947 sem félagið sá um í tilefni af 40 ára afmæli sínu. Var það háð við Kolviðarhól. Gísli B. Kristjánsson varð þriðji í göngu og fjórði í svigi. B-flokk göngunnar vann Þorsteinn Sveinsson og í drengjaflokki varð Grímur Sveinsson annar. Hafsteinn Sæmundsson varð einnig annar í skíðastökki drengja.

Valdimar fyrsti Íslandsmeistari ÍR í einstaklingsgreinum

Valdimar Örnólfsson nýtur þess heiðurs að vera fyrsti Íslandsmeistari ÍR í keppni einstaklinga á skíðum. Þeim áfanga náði hann á Akureyri er mótið fór þar fram að nýju 1952, fjórum árum eftir að ÍR vann þar sveitakeppnina í svigi sem fyrr er rætt um. Valdimar vann keppni í bruni og félagið hlaut einnig bronsverðlaun þar sem Þórarinn Gunnarsson varð í þriðja sæti.

Þótt Valdimar léti lengi að sér kveða í skíðakeppni þá var bruntitillinn 1952 eini sigur hans á Íslandsmóti. Næsta áratuginn lönduðu ÍR-ingar alls 20 Íslandsmeistaratitlum, eða til ársins 1962. Eftir það varð áratugabið eftir næsta meistara.

ÍR-ingarnir fjórir sem sendir voru til mótsins á Akureyri stóðu sig með mikilli prýði. Hafsteinn Sæmundsson var genginn upp í flokk fullorðinna í skíðastökki og varð sjötti. Og fjórði einstaklingurinn var ungur skíðamaður sem mikið átti eftir að kveða að, Eysteinn Þórðarson.

Eysteinn varð í öðru sæti í B-flokki í svigi og einnig í stökki í unglingaflokki, 17–19 ára. Þá varð hann þriðji í B-flokki í bruni. Hann vann á mótinu

sinn fyrsta sigur á skíðalandsmóti; var ásamt Valdimar í sveit Reykjavíkur sem vann sveitakeppnina í svigi og titilinn besta svigsveit Íslands 1952.

Sigur á sigur ofan hjá Eysteini

Akureyri var framan af vettvangur tímamóta í afrekasögu skíðadeildar ÍR, svo sem að framan má greina. Þar vann Eysteinn Þórðarson og sína fyrstu titla í einstaklingsgreinum. Um páskana 1955 varð hann Íslandsmeistari í bæði svigi og stórsvigi í Hlíðarfjalli. Stærstu sigra sína vann Eysteinn hins vegar árið eftir á Ísafirði, en þangað sendi ÍR fimm keppendur á Skíðamót Íslands.

Eysteinn vann þar það einstæða afrek að verða fimmfaldur Íslandsmeistari. Var það eitt mesta íþróttaafrek sem Íslendingur hafði unnið og óefað mesta skíðaafrek. Sigraði hann í svigi, stórsvigi, bruni, skíðastökki og alpaþríkeppni. Í stökki varð Haraldur Pálsson í þriðja sæti og í stökki unglinga sigraði bróðir Eysteins, Svanberg Þórðarson, stökk lengra en keppendur í flokki fullorðinna. Haraldur varð svo annar í norrænni tvíkeppni. Hann var einkar iðinn við skíðin um dagana. Árið 1965 hélt hann upp á 25 ára keppnisafmæli og var þó hvergi nærri hættur keppni. Haraldur var félagi sínu mikill liðstyrkur um dagana og sinnti m.a. skíðakennslu. Tryggð hans við skíðaíþróttina þótti til fyrirmyndar. Alls komu ÍR-ingarnir fimm sem kepptu til baka frá mótinu á Ísafirði 1955 með tíu verðlaunapeninga, þar af sex úr gulli.

Árið eftir fagnaði Eysteinn einnig sigri í svigi, bruni og þríkeppni á Íslandsmótinu, sem aftur fór fram vestra; á Seljalandsdal og Tungudal í Ísafirði og Botnsdal í Súgandafirði. Hafði hann mikla yfirburði, bæði í leikni og þoli, enda nýkominn heim af Ólympíuleikum. Hann stökk manna lengst í skíðastökki en dæmt var á hann fall fyrir að reka niður hönd í lendingunni, sem þótti í besta falli vafasamur dómur, en fyrir vikið varð hann af titli í þeirri grein.

Allt stefndi í að Eysteinn yrði einnig meistari með sveit Reykvíkinga í sveitakeppninni í svigi. Svo slysalega vildi þó til að hann datt illa og fótbrotnaði við ökklaliðinn skammt fyrir ofan endamarkið. Hann lauk samt fyrri ferðinni en gat að sjálfsögðu ekki haldið áfram síðari ferðina, en sveitin var þá fimm sekúndum á undan næstu sveit.

Jakobína fyrsti Íslandsmeistari ÍR í kvennaflokki

ÍR-ingar voru einnig aðsópsmiklir á Skíðamóti Íslands árið 1957 í Siglufirði, komu heim með sjö meistarastig, einn unglingameistara og níu silfur- og bronsverðlaun. Þótti það hrein óheppni að ÍR ynni ekki þrjú meistarastig til viðbótar. En þrátt fyrir það var það glæsilegt afrek að eitt félag af tólf skyldi fá helming af meistarastigum sem keppt var um. Og tímamótum var fagnað á mótinu þar sem félagið eignaðist sinn fyrsta Íslandsmeistara í kvennaflokki og það þrefaldan. Jakobína Jakobsdóttir var gengin

Valdimar Örnólfsson ÍR á fullu í hengjunni í Hamragili.

til liðs við ÍR og gott betur því hún giftist inn í það. Gekk að eiga Rúnar Steindórsson, hinn ágæta liðsmann skíðadeildarinnar fyrr og síðar. Varð hún meistari í svigi, bruni og þríkeppni á 20. skíðalandsmótinu, 1957. Áður hafði hún keppt fyrir sína heimabyggð, Ísafjörð, og orðið meistari margoft í mörgun alpagreinum.

Jakobína var enn á ferð árið 1958 og vann brunkeppnina einnig þá. Var sigur hennar allóvæntur því ekki var ýkjalangt frá því að hún ól manni sínum barn. Hafði hún því lítt sem ekkert getað stundað skíðaíþróttina um veturinn. Ef til vill hefur enginn keppandi mótsins og alls enginn sigurvegari átt eins erfitt um undirbúning fyrir mótið og hún. Sigurinn sýndi

Jakobína V. Jakobsdóttir ÍR í keppni í Hveradölum en hún er ein frækn-asta skíðakona okkar Íslendinga.

hversu afbragðsgóð skíðakona hún var. Brunið átti að fara fram í neðri hluta brunbrautar karla í Skálafelli. Brautin þótti þó um of glæfraleg og var keppninni frestað. Fór hún síðar fram við Kolviðarhól.

Jakobína var ekki af baki dottin þótt orðin væri móðir og hélt sér nógu mikið við til að vinna fleiri titla. Var hún svigmeistari kvenna og einnig Íslandsmeistari í alpatvíkeppni á skíðalandsmótinu á Akureyri 1962. Hún varð og önnur í stórsvigi. Á Íslandsmótinu 1963 varð hún í öðru sæti í svigi, stórsvigi og tvíkeppni í þessum greinum. Árið eftir, 1964, einnig önnur í svigi og þriðja í alpatvíkeppni.

Árið 1965 var svo komið að Jakobína var sá skíðamaður sem oftast hafði hlotið Íslandsmeistaratitil á skíðum, eða 19 sinnum. Ekki þó alla sem liðsmaður ÍR heldur einnig sem keppandi Ísafjarðar áður en hún giftist inn í ÍR. Titlarnir sem hún vann á Akureyri 1962 eru síðustu Íslandsmeistaratitlar ÍR í langan tíma eða uns Örnólfur Valdimarsson varð Íslandsmeistari rúmum tveimur áratugum seinna.

Austurríski skíðagarpurinn Toni Spiess var gestur skíðalandsmótsins 1957 á Siglufirði. Hann lagði brautina á hjarni daginn fyrir keppni en nýfallinn snjór er keppt var. Fyrir bragðið var hún rennslislítil, einkum síðari hluti brautarinnar. Skautuðu menn hana því mikið og reyndu að berjast áfram með stöfunum eins og þeir mögulega gátu. Í því virtust ÍR-ingarnir öflugir því auk sigurs Jakobínu í kvennaflokki varð Eysteinn Þórðarson fyrstur í karlaflokki og Úlfar Skæringsson annar.

Eysteinn fékk óvænt mikla keppni í sviginu sem fram fór í vonskuhríð

í Fossagili. Flestir gerðu ráð fyrir að Reykvíkingarnir mundu verða þar í fyrstu sætum. Toni Spiess hafði lagt mjög skemmtilega en flókna og gildrótta svigbraut. Skaut aukaportum upp að hárnálum svo menn héldu að þar væri komin einhver óskapleg flækja sem þó reyndist ekki annað en einföld hárnál. Ruglaði þetta suma og tafði fyrir þeim.

Renndi sér af öryggi og hafði fram sigur

Spiess fékk betri brautartíma en Eysteinn Þórðarson. En unglingur nokkur frá Siglufirði, Jóhann Vilbergsson, sem var í öðrum ráshópi, lagði af stað 22., fékk besta brautartímann í fyrri ferð, var broti á undan Spiess. Setti nú margan keppandann hljóðan en áhorfendur sendu frá sér gleðihróp utan úr hríðinni. Eysteini var skyndilega hætt með meistaratitilinn. Hann átti öllu að tapa en Jóhann allt að vinna.

Eysteinn varð líka að hugsa um alpaþríkeppnina en hann átti mikla möguleika á sigri þar. Tók hann þann kostinn að keyra örugglega, hætta sér ekki um of. Jóhann tók hinn kostinn að leggja allt í sölurnar enda var það hans eina von. Hann var kominn svo til neðst í brautina og benti allt til þess að hann ætlaði að slá Eysteini við. En Jóhann þoldi ekki hraðann og fipaðist og datt. Dreif hann sig á lappir aftur en óhappið kostaði hann sennilega sigurinn.

Það átti líka fyrir Eysteini að liggja að detta. Féll hann efst í brekkunni í stórsvigi karla en dreif sig á fætur en varð annar í mark. Þrátt fyrir fallið varð hann aðeins tæpum tveimur sekúndum á eftir fyrsta manni. Fallið hefur því líklega kostað hann sigur.

Bræðurnir Eysteinn og Svanberg Þórðarsynir voru ásamt þriðja ÍR-ingnum, Guðna Sigfússyni, í sveit Reykjavíkur sem háði harða keppni við Ísfirðinga um sigur í sveitakeppninni í svigi á skíðalandsmótinu 1958. Mótið fór fram á ÍR-svæðinu og Eysteinn því hagvanur á heimavelli. Hann setti besta tímann í báðum ferðum og sveit hans sigraði. Greinin taldist þó ekki meistaramótsgrein.

Sigurður Einarsson, einn af mörgum ÍR-ingum sem „ólust upp“ í Hamragilinu.

Það fannst Íþróttablaðinu Sport undarleg tilhögun. „Um þessa sveitakeppni mætti segja margt. Í fyrsta lagi er það dálítið undarlegt, að þeir sem sigra eru ekki Íslandsmeistarar, eins og t.d. boðgöngusveitin. Varla er hægt að álíta, að svig sé óvinsælla en ganga, þar sem margfalt stærri hópur æfir svig. Í öðru lagi: Maður verður nokkuð var við það að tímum einstaklinga í flokkasvigi sé haldið mjög á lofti. Þetta má ekki gera. Það er verið að keppa hvaða fjögramanna hópur fær samanlagt bestan tíma, en ekki hvaða einstaklingur fær bestan tíma,“ segir í umfjöllun Sports um mótið 1958.

Eysteinn bar höfuð og herðar yfir aðra skíðamenn

Færi var blautt þegar stórsvig fór fram við Kolviðarhól á skírdag. Rigndi þann dag og þá næstu á undan. Þoka grúfði

Helgi Axelsson glímir við portin.

yfir og það svo svört að varla sá milli hliða. Stórsviginu var frestað um tvo tíma í þeirri von að veður myndi lagast en svo fór ekki. Brautin grófst illa og munaði miklu fyrir keppendurna 30 eftir því hvaða rásnúmer þeir höfðu dregið. Magnús Guðmundsson frá Akureyri fór fyrstur og náði góðum tíma. Enginn komst nálægt honum af þeim sem næstir renndu sér og virtist aðeins Eysteinn geta orðið honum hættulegur. Hafði hann rásnúmer 13 og þegar röðin var að honum komin var brautin orðin nokkuð grafin. Tölunni fylgdi þó ekkert ólán því Eysteini tókst að ná tveggja sekúndubrota betri tíma og vinna þannig fyrsta meistaratitilinn í alpagreinum þessa móts.

Óheppni elti hins vegar Eystein í brunkeppni mótsins. Kann hún að hafa fækkað sigrum Reykvíkinga, með öðrum orðum hans sjálfs, um tvo en fært þá Akureyringum í staðinn. Tveir erfiðir kaflar voru í brautinni, einkum efst og síðar neðar þar sem hún lá um gilskorninga. Aðeins 23 keppendur af 44 luku keppni og komst ekki helmingur þeirra brautina án falls. Svanberg varð annar í mark og fyrir vikið þriðji í alpaþríkeppninni.

Eysteinn fór brautina mjög vel ofan til og hafði að fróðra manna sögn mjög góðan tíma er hann hrasaði í gilskorningunum. Missti hann skíðið og náði því ekki. Hann gekk í mark til að ljúka keppninni en hafði misst alla möguleika, ekki aðeins í þessari keppni heldur og í þríkeppninni. Ástæða þess að hann missti skíðið var sú að öryggisbinding leysti það af honum. Þessar bindingar tóku við af ólabindingum sem mörgum slysum ollu. Meðal annars hafði Eysteinn fótbrotnað í slíkum bindingum. Hann sagði eftir brunkeppnina með sínum rólega svip, að betra væri að verða af sigri en eiga meiðsli á hættu.

Eysteinn sýndi aftur á móti mikið öryggi er keppt var í svigi á annan í páskum. Brautin var erfið og kröfuhörð, en Eysteinn vann yfirburðasigur. Hálf sjötta sekúnda skildi að hann og næsta mann. Í umsögn Morgunblaðsins um mótið segir að Eysteinn beri höfuð og herðar yfir aðra skíðamenn og sé án vafa besti skíðamaður landsins. Öryggi hans sé áberandi mest, snarræði og kunnátta. Hann hafi þó sennilega verið óheppnasti þátttakandi mótsins með því að fá byltu er kostað hefði hann einn til tvo meistaratitla.

Á þriðja þúsund manns fylgdust með skíðastökkinu á Kolviðarhóli

Þá segir blaðið að meðal þeirra sem vakið hafi athygli hafi verið Svanberg, bróðir Eysteins; „kröftugur og vaxandi skíðamaður sem á framtíðina fyrir sér“, segir þar. Hann sigraði m.a. í stökki 17–19 ára og fannst blaðinu það ekki góð auglýsing fyrir skíðastökk að tveir svigmenn skyldu hafa unnið það. Það hafi að vísu sýnt fjölhæfni þeirra en þó einnig hve illa hafi verið komið fyrir stökkinu að menn sem séræfa aðrar greinar skyldu sækja

sigra í stökkkeppni og það með gamla stökklaginu. Skíðastökkið fór fram í Kolviðarhólsbrautinni og var á þriðja þúsund manns saman komið til að horfa á hina fögru keppni og glæsileg stökk í blíðskaparveðri.

Það var líklega ólán ÍR-inga fyrst og fremst að skíðalandsmótinu 1959 skyldi aflýst vegna influensufaraldurs í landinu. Voru þeir afar sterkir um þær mundir og færðu félaginu marga mótssigra. Til dæmis fékk það fleiri meistara á Reykjavíkurmótinu en nokkurt annað félag. Þó hefði Eysteinn Þórðarson verið fjarri góðu gamni. Hann fór í febrúarmánuði til Mið-Evrópu til æfinga og keppni. Eftir æfingadvöl í Austurríki fór hann til Frakklands og keppti í svigi á alþjóðamóti í Chamonix. Varð hann fremstur allra Norðurlandabúa í mótinu og varð 13. í röðinni, sem var frábær árangur.

Eftir það lá leiðin til Noregs og Svíþjóðar og sló Eysteinn í gegn á Holmenkollenmótinu í Ósló 1959. Hann varð fjórði í svigi, sjötti í stórsvigi, níundi í bruni og fimmti í alpaþríkeppni, eða samanlögðu í greinunum þremur. Svanberg bróðir hans keppti einnig og varð 12. í svigi sem var einnig mjög góður árangur. Í stigakeppni á milli þeirra þjóða sem þátt tóku í mótinu og höfðu þrjá menn til keppni varð sveit Íslands númer tvö, næst á eftir austurrísku sveitinni en á undan þeirri sænsku, sem var mikið afrek.

Frá Noregi héldu þeir bræður ásamt ísfirskum skíðamönnum til keppni á alþjóðlegu móti í Åre í Svíþjóð. Vildi þá svo illa til að Eysteinn brákaðist á æfingu og var frá keppni það sem eftir var vetrar.

ÍR bar höfuð og herðar yfir önnur félög í sveitakeppnum. Sveit ÍR á Steinþórsmóti 1968 í Hamragili. F.v. Guðni Sigfússon, Úlfar Andrésson, Björn Bjarnason, Þorbergur Eysteinsson, Þórir Lárusson og Sigurður Einarsson.

Árið eftir, 1960, er skíðalandsmótið á Siglufirði sögulegt sakir þess fyrir ÍR að þar vann Eysteinn Þórðarson síðustu meistaratitla sína og þar með félagsins í um aldarfjórðung. Hann varð meistari í stórsvigi og bruni og var aðeins 0,2 sekúndur frá sigri í svigi. Stóð í stafni eins og víkingur því ennfremur var Eysteinn ásamt Svanberg bróður sínum og Guðna Sigfússyni í svigsveit Reykjavíkur sem vann flokkasvigkeppnina í Skútudal.

ÍR-ingar áttu góðu gengi að fagna á öðrum mótum en skíðalandsmótinu á sjötta og sjöunda áratugnum. Voru afar sigursælir á Reykjavíkurmótinu í svigi, stærsta mótinu að landsmóti

Þorbergur Eysteinsson ÍR í keppni í hengjunni í Hamragili 1961.

frátöldu. Meðal sigurvegara á þessum árum má nefna Guðna Sigfússon, Eystein Þórðarson, Svanberg Þórðarson, Valdimar Örnólfsson, Þorberg Eysteinsson, Sigurð Einarsson og Jakobínu Jakobsdóttur.

Þá voru ÍR-ingar nær ósigrandi í sveitakeppni hvers konar sakir breiddar sinnar og ágætra skíðamanna. Unnu þeir Steinþórsmótið hvað eftir annað og einnig hið svonefnda Müllersmót í svigi fyrstu fjögur skiptin sem það fór fram en hið fyrsta var háð 1961. ÍR-

Leifur Müller afhendir verðlaun fyrir Müllersmót í sveitakeppni í svigi við Skíðaskálann í Hveradölum 1972 en ÍR-ingar unnu bikarinn þá til eignar eftir að hafa unnið hann fimm sinnum alls. F. v. Helgi Axelsson, Þorbergur Eysteinsson, Sigurður Einarsson og Gunnar Birgisson.

sveitin vann svo mótið fimmta sinni árið 1972 en þá var það haldið í sjöunda sinn. Þar með vann félagið til eignar fagran verðlaunagrip sem erfingjar L.H. Müllers kaupmanns, aðalstofnanda Skíðafélags Reykjavíkur, höfðu gefið til minningar um hann. Einn maður var í sigursveit ÍR í öll skiptin, Þorbergur Eysteinsson. Mörgum á óvart vann sveit ÍR keppni þessa á ný 1979.

Valdimar sigursæll í Frakklandi og í Tékkóslóvakíu

Að öllum líkindum má segja að ÍR-ingar hafi aldrei verið jafnöflugir á skíðum og á seinni hluta sjötta áratugarins og fyrri hluta þess sjöunda. Vannst þá hver sigurinn af öðrum, ekki bara hérlendis því skíðamennirnir stóðu sig með ágætum á mótum erlendis.

Valdimar Örnólfsson ruddi brautina í þessum efnum er hann var við nám í Frakklandi 1957. Gat hann sér og landi sínu frægðarorð á ýmsum skíðamótum stúdenta ytra. Vann hvern sigurinn af öðrum og þá góða. Gerði hann sér lítið fyrir og sigraði í svigi á alþjóðlegu skíðamóti stúdenta sem fram fór í franska alpabænum Alpe-d'Huez 2. og 3. febrúar það ár. Þessi sigur Valdimars mun vera fyrsti sigur íslensks skíðamanns á erlendri grund.

Hann keppti einnig í bruni en var svo óheppinn að detta 100 metrum frá marki og brjóta annað skíðið. Þar með brustu sigurvonir í þeirri grein. Hann kom sér í mark á einu skíði og varð 15. í röðinni. Keppendur á mótinu í Frakklandi voru frá öllum Austur-Evrópuríkjum, frá Frakklandi, Þýskalandi, Austurríki og víðar að. Þar voru bestu skíðamenn meðal stúdenta. Er Valdimar datt í bruninu og braut skíðið sögðu tímaverðir að hann hefði haft um 6 sekúndna forskot á þann er sigraði.

Valdimar brá sér síðan til Þýskalands um miðjan febrúar og keppti á heims-

meistaramóti stúdenta. Skrifaði hann bróður sínum um mótið og birtust kaflar úr bréfinu í Morgunblaðinu. „Svigið var fyrsta daginn og var ég meðal þeirra 15 er valdir voru í fyrstu „grúppu", en alls voru keppendur milli 70 og 80. Hlaut ég rásnúmer 11. Fyrri umferðin gekk allvel. Ég hlaut fimmta besta tíma og var m.a. á undan Zillibiller (Þýskal.) og Chermac (Tékk.) sem báðir voru í Cortina í fyrra (Chermac var þar 7. í alpatvíkeppni), en á undan mér urðu Wagenberger (Þýskal.– var í Cortina og er nú talinn besti skíðamaður Þýskalands), Henrich Kurt (Tékk. – varð 7. í bruni í Cortina), Mohr (Tékk.) og Helmut Keglovic (besti Austurríkismaðurinn á mótinu).

Munurinn á mér og fyrsta manni var næstum þrjár sekúndur (Wb.51,2 – ég 54,1) svo að ég varð að spjara mig í seinni umferð, ef ég ætti að komast í eitthvert fremstu sætanna. Það byrjaði allbærilega en í einni hárnálinni rak ég beygjuna á öðru skíðinu í eina stöngina og hentist út úr hliðinu – öfugu megin – og rann nokkra metra á bakinu og þurfti að hlaupa til baka. Við þetta missti ég 10–15 sek. Og hafnaði í 20. sæti. Fyrstur varð Wagenberger," segir Valdimar.

Stórsvigið var daginn eftir en vegna úrslitanna í sviginu var hann settur í annan ráshóp og fékk því heldur slæmt rásnúmer eða 29. „Brautin grófst mikið og var því ekki upp á það besta er að mér kom, enda ákvað ég að fara að öllu gætilega. Reyna aðeins að komast aftur í fyrstu „grúppu" með því að verða meðal 15 fyrstu. Ætlaði ég svo að leggja allt á eitt spil í bruninu. Árangurinn var eftir þessu, ég varð 11., á undan mörgum góðum mönnum, en 7 sekúndum á eftir sigurvegaranum Wagenberger. Því miður fékk ég ekki tækifæri til þess að reyna mig í bruninu þar eð það féll niður vegna slagveðurs," segir í bréfinu frá Valdimar.

Tvíkeppnismeistari stúdenta í Frakklandi og lofaður fyrir hæfileika sína

Meistaramót franskra háskólastúdenta í skíðaíþróttum fór fram við Meribelles Ailues fyrstu helgina í mars 1957. Valdimar Örnólfsson var meðal þátttakenda og vann stórsigur; sigraði í tvíkeppni: bruni og svigi. Svigið fór fram á undan. Í fyrri ferð datt Valdimar og varð að hlaupa til baka nokkra metra til að komast í gegnum brautina. Í seinni umferð náði hann bestum brautartíma og náði þrátt fyrir fallið 8. sæti í svigkeppninni.

Í bréfi sem Valdimar ritaði foreldrum sínum eftir mótið og vitnað er til í Morgunblaðinu segir hann að frammistaða Eysteins Þórðarsonar á mótum úti í Evrópu hafi vakið mikla athygli. Meðal annars sagði Valdimar að Eysteinn væri frægur orðinn í röðum austurrísku skíðagarpanna sem væru þeir bestu í álfunni. Hann hafði eftir einum þeirra, Toni Mark, að Eysteinn hefði vakið sérstaka athygli vegna glæsilegs stíls.

Örnólfur Valdimarsson ÍR var með betri skíðamönnum til margra ára.

Í blaðaúrklippum sem Morgunblaðinu hafði borist um stúdentamótið franska var fögrum orðum farið um Valdimar. Hann hafði getið sér góðan orðstír ytra. Sagði eitt blaðið t.d. að hann hefði alla góða kosti skíðamanns, hörku, hugrekki og öryggi.

Hér varð ekki staðar numið því Valdimar hélt áfram sigurgöngu sinni í evrópskum skíðabrekkum. Hálfum mánuði eftir franska mótið tók hann þátt í alþjóðlegu skíðamóti stúdenta í Chopkom í Tatrafjöllum í Tékkóslóvakíu. Var það með líku sniði og mótið við Grenoble í Frakklandi. Bæði þessi mót voru haldin á vegum Alþjóðasambands stúdenta (IUS) í samvinnu við stúdentasamtökin á viðkomandi stað, AGE í Grenoble og CSM í Tékkóslóvakíu.

Alls voru 66 þátttakendur í mótinu í Chopkom frá 15 löndum, þar á meðal frá Bandaríkjunum. Valdimar sló þar í gegn. Varð fyrst í öðru sæti í stórsvigi, með franska skíðamenn á undan sér og strax á eftir. Færðist síðan allur í aukana og vann svigið. Þar varð annar sá er sigrað hafði í stórsviginu, Frakkinn Woehrle. Og svo miklu munaði á tímum þeirra í sviginu að það dugði Valdimar til sigurs í tvíkeppninni í svigi og stórsvigi. Varð Valdimar því tvöfaldur sigurvegari á þessu alþjóðlega stúdentamóti.

Valdimar náði enn á ný framúrskarandi árangri er hann keppti á heimsmeistaramóti stúdenta, sem fram fór í Zakopane í Póllandi 1959. Hann varð þriðji í alpaþríkeppninni, samanlögðum árangri í alpagreinunum þremur. Varð hann 19. í svigi og sjöundi í bæði bruni og stórsvigi. Voru um 70 þátttakendur í mótinu, þeirra á meðal margir landsliðsmenn og meistarar frá ýmsum löndum.

Örnólfur, eplið og eikin

Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni, það eru gömul sannindi og ný. Og eiga við um Örnólf Valdimarsson. Eins og faðir hans nokkrum áratugum áður var hann meðal helstu afreksmanna á skíðum á níunda áratugnum og í byrjun þess tíunda. Örnólfur varð félagi í skíðadeild ÍR í barnæsku og hóf keppni fyrir félagið á unga aldri. Komst hann strax í fremstu röð þar sem hann var óslitið uns hann hætti keppni. Hann varð margfaldur Reykjavíkurmeistari í karlaflokki. Og föðurbetrungur á skíðalandsmótum því hann varð níu sinnum Íslandsmeistari á skíðum á árunum 1986–91. Þrisvar í röð í svigi, 1988–1990, fjórum sinnum í samhliðasvigi á fimm árum, 1986–1991, og tvisvar í tvíkeppni, 1988 og 1989.

„Það lá beinast við að fara á skíðin því pabbi var á fullu í þessu. Við bræðurnir [Kristján Valdimarsson] ólumst mikið til upp á skíðum og vorum í Kerlingarfjöllum á sumrin nánast frá fæðingu," sagði Örnólfur í samtali við Íþróttablaðið sem út kom í ársbyrjun 1992, um það leyti sem hann hélt til keppni á Ólympíuleikunum í Albertville. Til að bæta sig sem skíðamaður fetaði hann í fótspor föður síns og dvaldi langdvölum í Austurríki og Frakklandi. „Aðstæður til skíðaæfinga á Íslandi eru ekki góðar vegna þess hvað hér er misveðrasamt. Oft er rokið mikið, snjórinn er oftast mjúkur ef hann er á annað borð fyrir hendi – en við viljum æfa í hörðum snjó því við keppum við þannig aðstæður erlendis. Þar er líka oftast logn, þar er hægt að æfa þegar menn vilja, á ákveðnum tímum og dögum. Hérna verður maður alltaf að hafa aðstæður í huga og því er ekki hægt að skipuleggja æfingatímabilið," sagði Örnólfur.

Ytra tóku hjólin að snúast og keppti hann t.a.m. með góðum árangri á HM sem fram fór 1989 í Vail í Coloradoríki í Bandaríkjunum. Þar varð hann í 21. sæti í svigi sem taldist góður árangur. Örnólfur keppti einnig með miklum ágætum á heimsleikum stúdenta í Japan í mars 1991, varð í 12. sæti í svigi. Má segja að þar hafi hann verið föðurbetrungur því faðir hans Valdimar varð í 19. sæti í svigi á HM stúdenta í Zakopane í Póllandi 1959. Reyndar varð Valdimar í sjöunda sæti í bruni og stórsvigi 1959 og að því leyti framar. „Þetta mót gleymist mér seint," sagði Örnólfur. Loks varð hann með þátttökunni í leikunum í Albertville fyrsti ÍR-ingurinn til að keppa á vetrarleikum í rúm 30 ár eða frá því Eysteinn Þórðarson keppti í Squaw Valley 1960.

Svo óvenjulega vill til að Valdimar varð fyrstur manna til að færa ÍR Íslandsmeistaratitil á skíðum og Örnólfur sonur hans síðastur. Hinum sögulega áfanga náði Valdimar með sigri í bruni á skíðalandsmótinu 1952. Örnólfur setti svo punktinn aftan við i-ið með sigri í samhliða svigi á landsmótinu 1991.

Auk þeirra Eysteins og Örnólfs er Valdimar faðir Örnólfs eini ÍR-ingurinn sem keppt hefur á vetrarleikum. Valdimar fór öðru sinni til vetrarleika en hann var aðalfararstjóri á vetrarleikunum í Innsbruck 1964. Sama hlutverki gegndu tveir aðrir ÍR-ingar síðar; Ágúst Ásgeirsson í Albertville 1992 og Sigurður Einarsson í Lillehammer 1994, en báðir sátu þá í stjórn Ólympíunefndar Íslands. Þá var Gísli B. Kristjánsson aðstoðarfararstjóri á vetrarleikunum í Ósló 1952 og Grenoble 1968, svo og flokksstjóri í Cortina 1956. Hann var jafnframt fánaberi við setningu leikanna í Ósló. Því hlutverki sinntu Valdimar í Cortina og einnig í Innsbruck og Eysteinn Þórðarson í Squaw Valley.

Guðni fyrsti ÍR-ingurinn til að keppa utan landsteinanna

ÍR-ingar sóttu snemma út fyrir landsteinana til æfinga og keppni. Þannig dvöldust Guðni Sigfússon og Gísli B. Kristjánsson við skíðanám í Svíþjóð veturinn 1949–50. Guðni hafði staðið sig vel á Sollander-skíðamótinu þar í landi 1948, varð í öðru sæti, næstur á eftir sænska skíðakappanum Stig Sollander. Eftir því sem næst verður komist er Guðni fyrsti ÍR-ingurinn til að keppa á skíðum utan landsteinanna.

Guðmundur Gunnlaugsson í svigkeppni.

Guðni Sigfússon á Skarðsmóti á Siglufirði 1959.

Hann var einkar iðinn skíðamaður og í fremstu röð svigmanna í landinu í aldarfjórðung eða svo.

Meðan á dvöl þeirra í Svíþjóð stóð var Guðna og Gísla boðin þátttaka í tveimur skíðamótum, í Åre og Östersund. Á fyrrnefnda staðnum kepptu þeir í stórsvigi og í svigi á hinum síðarnefnda. Allir bestu svigmenn Svía kepptu en alls voru keppendur um 70 í hvort sinn. Bestum árangri þeirra náði Guðni með 11. sæti í Östersund.

Í borgarkeppni í alpagreinum milli Reykjavíkur, Bergen og Glasgow í Solfonn í Harðangursfirði í Noregi 1964. F.v. Helgi Axelsson ÍR, Marta B. Guðmundsdóttir KR, Þorbergur Eysteinsson ÍR, Ásgeir Christiansen Víkingi, erlendur kappi, Björn Bjarnason ÍR, Leifur Gíslason KR og Björn Ólafsson Víkingi.

Á heimleið frá Svíþjóð tóku þeir ásamt fleiri Íslendingum þátt í Holmenkollenmótinu í Ósló í lok febrúar og byrjun mars. Skíðasambandið hafði fengið boð um þátttöku í mörgum alþjóðlegum mótum þennan vetur. En vegna kostnaðar og gjaldeyriserfiðleika voru ekki tök á að sækja nema þetta eina. Guðni féll í bruni í Holmenkollen og hætti. Gísli varð nr. 42 af 55 keppendum. Hann meiddist á fæti í bruninu og gat ekki keppt í svigi.

Fimm ÍR-ingar í liði Reykjavíkur í borgarkeppni í Bergen

Fimm ÍR-ingar voru í úrvalsliði Reykjavíkur sem sent var í mars 1963 til Bergen í Noregi til að heyja borgarkeppni við Bergen og Glasgow. Þetta voru Guðni Sigfússon, Sigurður Einarsson, Valdimar Örnólfsson, Þorbergur Eysteinsson og Þórir Lárusson. Keppt skyldi í svigi og stórsvigi og sex keppendur teljast til stiga. Fram að keppni dvöldu þeir í viku við æfingar í Solfonn á Harðangri. en þar fór keppnin svo fram. Bergen og Glasgow höfðu háð keppni sín á milli í áratug er Reykvíkingar bættust í hópinn.

Babb kom í bátinn eftir að út var komið. Skíðaráð Reykjavíkur taldi alltaf að um keppni karla væri aðeins að ræða. Ytra kom hins vegar í ljós að í sveitunum höfðu alltaf verið fjórir karlar og tvær konur í þau níu ár sem keppnin hafði farið fram. Höfðu Bergensmenn skrifað hingað upp að ekki væri nauðsyn að hafa konur með og hættu því við ferðina tvær bestu skíðakonur Reykjavíkur sem valdar höfðu verið.

Helsti árangur varð sá að í sviginu varð Valdimar fimmti, tæpri sekúndu frá öðru sæti en slök fyrri umferð kom í veg fyrir betra sæti. Þorbergur Eysteinsson varð sjötti. Hann varð svo í öðru sæti í stórsvigi, rúmri sekúndu á eftir norskum sigurvegara, og Sigurður Einarsson varð þriðji.

Bergenbúar sigruðu í bæjarkeppninni en Reykjavík varð í öðru sæti. Samanlagður tími sex bestu heimamanna í hvorri grein var 875,7 sekúndur. Tími Reykjavíkur var 945,4 sekúndur og Glasgowliðsins 1074,5 sekúndur. Reykvíkingarnir komu heim með sjö verðlaunabikara frá keppninni þar sem sex fyrstu menn í hvorri grein hlutu litla bikara til eignar. Auk þess hlaut Valdimar Örnólfsson farandbikar fyrir besta brautartíma í sviginu. Alls tóku 113 manns þátt í skíðamótinu, þar af 13 Reykvíkingar. Í því var slengt saman bæjarkeppninni, Vesturlandsmóti Noregs og meistaramóti Bergen.

Keppnisferð þessi varð eftirminnileg fyrir Valdimar Örnólfsson, fyrirliða Reykjavíkurliðsins, sakir þess að hann gerði úr henni brúðkaupsferð. Kvöldið fyrir skíðaförina til Noregs giftist hann konu sinni, Kristínu Jónasdóttur, í Reykjavík. Komu hjónakornin fyrir vikið á eftir öðrum ferðalöngum til Noregs, en var fagnað með „pomp og prakt“ við komuna af öllum Íslendingunum og mörgum fleirum.

Árið eftir var haldið til þessa sama móts og vildi þá ekki betur til en svo að Þorbergur Eysteinsson fótbrotnaði um ökkla á æfingu tveimur dögum fyrir keppni. Varð hann að liggja á sjúkrahúsi eftir heimkomuna.

Snjóflóð eyðileggur lyftuhús í Hamragili rétt fyrir jólin 1992

Einn atburður öðrum frekar setti mark sitt á starf skíðadeildarinnar veturinn 1992–93.

Nýja þjónustumiðstöðin í Hamragili sem byggð var af harðfylgi skíðamanna í stað þeirrar sem fór í snjóflóðinu. Glæsilegt og vel heppnað bjálkahús.

Svo slysalega vildi til að 20. desember 1992 féll snjóflóð í Hamragili og gjöreyðilagði lyftuhús og allt sem í því var. Óvenjumikið hafði snjóað þetta haust og var kominn mikill snjór er flóðið féll. Til hafði staðið að opna lyfturnar nokkrum dögum seinna. Fengið var hús til bráðabirgða sem stjórnstöð fyrir lyfturnar og til að hýsa rafmagnstöflur. Einnig var fenginn vinnuskúr að láni frá Reykjavíkurborg sem afdrep fyrir skíðafólk með nesti sitt. Var þetta látið duga til vorsins enda fátt annað hægt að gera. Á haustdögum 1993 var hafist handa við að reisa nýtt og vandað lyftuhús, finnskt bjálkahús sem var fullbúið og vígt í upphafi árs 1994. Húsið var hið glæsilegasta og setti mikinn svip á staðinn. Var þar aðstaða fyrir skíðafólk og lyftuverði hin besta. Með tilkomu nýrrar byrjendalyftu neðst í gilinu var komin hin ákjósanlegasta aðstaða til að fá almenning

til að koma og skíða. Þar gátu menn nú setið á stórri og skjólgóðri veröndinni á nýju þjónustumiðstöðinni og fylgst með börnum sínum í nýju lyftunni nánast rétt við nefið á sér. Var þessi aðstaða fyrir byrjendur og skíðafólk með börn afar góð og trúlega hvergi jafnþægileg.

Eftir hamfarirnar í desember 1992 var kannað hvað hægt væri að gera til að koma í veg fyrir snjóflóð sem þetta. Samkvæmt athugunum snjóflóðadeildar Veðurstofu Íslands hefur nokkuð verið um snjóflóð á skíðasvæði ÍR á Hamragilssvæðinu. Í samráði við sérfræðinga veðurstofunnar í snjóflóðum var hafist handa

Þjónustuhúsið vígt af séra Tómasi Tómassyni í Hveragerði. Lengst til vinstri er Rúnar Steindórsson, einn af traustum stoðum deildarinnar og félagsins og einn af heiðursfélögum þess.

sumarið 1994 við miklar jarðvegsframkvæmdir í brekkunum. Með því var dregið úr flóðahættu sem skapast gat við ákveðin veðurfarsleg skilyrði og/eða vegna ónógrar troðslu snjótroðara. Fyllt var upp í gilið efst í Karlagilinu en þar var álitið að flóð þessi hæfust. Hengjan var lækkuð um 6–8 metra, bæði gilin breikkuð og varnargarðar hækkaðir. Auk þess var Skálabrekkan jöfnuð og sléttuð þannig að hún var nánast óþekkjanleg. Eftir framkvæmdir þessar var það samdóma álit manna að mjög vel hefði til tekist og brekkurnar væru stórum betri en áður til skíðaiðkunar.

Borgin yfirtekur rekstur ÍR-svæðisins

Þær breytingar urðu á starfsemi skíðadeildar ÍR 1992 að Reykjavíkurborg yfirtók rekstur skíðasvæðis félagsins í Hamragili með sérstökum samstarfssamningi við deildina. Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur (ÍTR) leigði skíðaaðstöðuna; skíðalyftur, lyftuhús og vélageymslu. Sá ráðið um allan daglegan rekstur á svæðinu, svo sem snjótroðslu, viðhald á lyftum og snjómokstur. Átti ráðstöfun þessi að létta byrðum af deildinni. Voru forsvarsmenn hennar lengstum ánægðir með fyrirkomulagið en það var við lýði allt til vorsins 2005 er borgin kippti að sér höndum og knúði á um flutning ÍR í Bláfjöll. Um leið og ÍTR sá um rekstur skíðasvæðisins sá félagið áfram um rekstur skíðaskálans og alla þjónustu við gesti svæðisins. Skíðaskálinn var leigður skólum úr Reykjavík og nágrannabyggðum, félagasamtökum og fyrirtækjum og var mikið notaður. Æfingalið skíðadeildarinnar notaði hann og mikið og dvaldi þar oft um helgar þegar frí var í skólum.

„Það tók tíma og fyrirhöfn að ná niðurstöðu þessari. Eftir mikil fundahöld

með fulltrúum ÍTR og margra ára nuddi um aðstoð við reksturinn varð það úr að ÍTR leigir lyfturnar og troðarahúsið auk tveggja bygginga við Poma-lyftuna. Tekur ÍTR alfarið að sér rekstur og viðhald á lyftunum, snjótroðslu, snjómokstur og annað það er tilheyrir rekstri svæðisins ef undan er skilinn skálinn og rekstur hans. ÍR fær vissa leigugreiðslu en ÍTR fær að sjálfsögðu allar tekjur af lyftum. Var samningur gerður til tveggja ára og rann hann út í vor (1994) en búið er að endurnýja hann til tveggja ára eða vorsins 1996,“ sagði Birgir Hermannsson, formaður skíðadeildarinnar, um samkomulagið.

Birgir sagði samkomulagið vera mikið lán fyrir félagið og raunar forsenda þess að hægt væri að halda opnu skíðasvæði í Hamragili. Auknar kröfur skíðafólks um troðslu og lyftur yllu því að útilokað væri fyrir einstakar skíðadeildir að reka svona svæði svo vel væri. „Samningur þessi við ÍTR tryggir það að í Hamragili verður rekið skíðasvæði með fjórum lyftum, vel troðnum brekkum, ruddum vegi og viðhald allra eigna verður í góðum höndum,“ sagði Birgir einnig.

Auður Björg Sigurjónsdóttir, arftaki Birgis sem formaður skíðadeildarinnar, segir í samtali í ÍR-blaðinu í mars 1995 að oft hafi verið erfiðara en þá að reka skíðadeild og þakkar það framangreindum samningi. „Þannig að við getum einbeitt okkur að íþróttinni. Hjá okkur stunda æfingar að jafnaði

ÍR-ingar á skíðamóti í Bláfjöllum 1966. F.v. Steinþór Jakobsson, Aðalsteinn Hákonarson, Ólafur Guðmundsson, Arnar Gauti Reynisson, Pétur Hansson, Ásgeir Elvarsson, Halldór Birgisson, Haukur Eiríksson og Sirra þjálfari.

um 80 manns. Krakkarnir virðast endast lengur þegar aðstaða batnar og við erum með nokkuð fjölmenna hópa í eldri flokkunum. Það hefur háð skíðaíþróttinni mikið að krakkar virðast hafa fengið nóg 13–14 ára gömul. Það er erfitt að stunda skíði. Skíðakrakkar taka ekki bara æfingatösku með léttum fatnaði og handklæði

Á æfingu ÍR í Hamragili. F.v. Jón Þór Eggertsson, Grímur Jón Sigurðsson, Einar Gunnarsson, Guðni Guðjónsson, Sigrún Grímsdóttir þjálfari (Sirra), Anna Karen Kristgeirsdóttir, Berglind Hauksdóttir, Agnes Þorsteinsdóttir, Haraldur Ingvarsson, Kristinn Kári Kristinsson og Grímur Rúnarsson þjálfari.

ÍR-ingar á Andrésar Andarleikunum 1992. F.v. Arna Ívarsdóttir, Þóroddur Þóroddsson, Birgir Hermannsson og Elva Ólafsdóttir.

og hlaupa út í íþróttahús. Þau rogast með skíði, skíðaskó, hjálm og nesti og ferðast með rútu allt að 1½ klst. til að komast á æfingu. Veðráttan er oft rysjótt og svo er þetta dýrt sport," segir Auður.

Á Andrésar Andarleikunum 1992. Sólveig Magnúsdóttir, Pétur Pétursson þjálfari, Sigurbjörg Sigurðardóttir þjálfari, Þórhildur María Kristinsdóttir og Dröfn Kjærnested.

Hún sýndi þó engan bilbug í samtalinu. „Við erum á uppleið. Við höfum alltaf átt afreksmenn í okkar röðum, en núna erum við með ansi öflugan hóp sem við bindum miklar vonir við. Við getum einbeitt okkur að þjálfuninni þegar við þurfum ekki að hugsa eins mikið um reksturinn frá degi til dags. Við erum með fjóra þjálfara, þar af einn Norðmann. Æfingalið okkar fór til Lillehammer um síðustu áramót og hitti hann þar. Við æfum eingöngu alpagreinar og keppum bara í svigi og stórsvigi ásamt samhliða svigi. Við höfum lítið sinnt göngunni en það er mjög gott gönguland á skíðasvæðinu okkar. Kannski förum við að sinna göngunni meira. Reyndar hefur Halldór Matthíasson keppt fyrir okkur í göngu," sagði Auður aðspurð um hvernig deildin stæði varðandi keppnisfólk.

Snjóframleiðsla hafin á skíðasvæði ÍR

Algengt er að sjá og lesa um í skýrslum skíðadeildarinnar að þótt nægur snjór hafi verið í Hamragili hafi slæm veður og ófærð háð starfinu. Um veturinn 1987–88 segir t.d.: „Slæm veður, ófærð og snjóalög meiri en elstu menn muna háðu öllu starfi á svæðinu, félagslegu sem öðru. Snjór var í brekkum fram á sumar en þrátt fyrir það tókst ekki að halda innanfélagsmót með hefðbundnu lokahófi. Slíkt hafði ekki gerst í áratugi." Ekki tók betra við árið eftir, veturinn 1988–89: „Slæm veður, ófærð og mikil snjóalög háðu öllu starfi á svæðinu og gerði rekstur þess mjög erfiðan. Óvenjulegar vindáttir ollu því að snjór hlóðst upp á annan hátt en áður hefur sést og þess vegna var t.d. aldrei hægt að keyra topplyftu þar sem möstur fóru á kaf í snjó."

En annar vandi og ólíkur hefur oft hamlað skíðastarfinu í ÍR. Snjóleysi.

Það var áberandi á sjöunda áratugnum og oft síðar. Í samtali við Alþýðublaðið í maí 1965 sagði Sigurður Gunnar Sigurðsson, formaður ÍR, að snjóleysi hefði háð ÍR-ingum nýliðinn vetur. Skíðafólki félagsins hafði verið sköpuð mjög góð aðstaða í Hamragili og sagði Sigurður að þar væri ávallt múgur og margmenni þegar snjór væri nægur. Snjóleysi háði einnig starfsemi skíðadeildarinnar 1990–91. Varð t.d. að flytja öll mót félagsins í Bláfjöll þann vetur. Snjóleysi og ótíð einkenndu einnig veturinn 1991–92. Þá var skíðavertíðin afleit 2001–02 vegna snjóleysis. Og 2003 urðu þau tímamót að vertíðinni lauk ekki með innanfélagsmóti í Hamragili að vori samkvæmt áratuga venju.

Skíðamenn ÍR um dagana hafa verið baráttuglaðir og kjarkmenni sem hafa ekki látið mótlæti sem þetta slá sig út af laginu. Til að geta lokið vertíðinni 2003 eins og vera bar fluttu þeir innanfélagsmótið alla leið á Snæfellsjökul og þar var það haldið síðustu helgina í apríl. Árið eftir varð einnig að fella niður öll mót á Reykjavíkursvæðinu vegna snjóleysis. Um miðjan febrúar fór heldur að hlýna og þrátt fyrir snjóframleiðslu varð ekki við neitt ráðið og síðasta æfing 2004 fór fram í Hamragili 28. febrúar. Reynt var að flytja Reykjavíkurmeistaramótið alla leið til Siglufjarðar en tókst ekki vegna veðurs. Enn gáfust ÍR-ingar ekki upp og tókst um síðir að halda innanfélagsmót félagsins 2004 í Tindastól við Sauðárkrók um páska!

Innanfélagsmót ÍR haldið í Bláfjöllum 2003. F.v. Haukur Sigurðsson, Helgi Hallgrímsson, ræsir til margra ára, Sigurður Hauksson og Sigrún Inga Kristinsdóttir þjálfari.

Til þess að tryggja keppnismönnum deildarinnar æfingar við góðar aðstæður hefur skíðadeild ÍR um mörg undanfarin ár farið með liðsmenn sína í æfingaferðir til Noregs og Austurríkis sem gefist hafa vel. Og til að freista þess

Tímatökulið í Markhúsinu í Hamragili. F.v. Ólafur Stefánsson, Ásrún Hauksdóttir og Ása Kristjánsdóttir. Hér vantar Sínu Þórðardóttur tilfinnanlega í hópinn.

að styrkja hóp keppenda enn frekar samdi skíðadeild ÍR við systurdeildir sínar hjá KR, Víkingi og Fram á vordögum ársins 1997 um sameiginlega þjálfun eldri flokka félaganna undir merkjum. „Skíðaliðs Reykjavíkur". Þótti verkefnið spennandi og gefast vel

Snjóframleiðslan sannar sig í Hamragili 2006, eina skíðasvæðinu á höfuðborgarsvæðinu sem opið var þennan dag og suma vetur var mesta opnun á Hengla-svæðinu. ÍR-ingar eru frumkvöðlar að snjóframleiðslu og mikil vinna fór í að koma þessu á en því miður hefur því ekki verið fylgt eftir eins og vera ber því snjóframleiðsla er ómissandi á öllum skíðasvæðum.

framan af. Tilgangurinn var að geta boðið þeim krökkum, 15 ára og eldri sem stunda vildu skíði af krafti, upp á metnaðarfulla þjálfun. Að loknum fimm ára samningstíma gengu KR-ingar úr skaftinu en ÍR, Víkingur og Fram héldu samstarfinu áfram. Á vordögum 2005 tóku þau þó sameiginlega ákvörðun um að slíta samstarfinu. Meginástæðan var sú að brottfall úr íþróttinni hafði ekki minkað þrátt fyrir samstarfið. Stjórn skíðadeildar ÍR taldi að málum væri betur komið með því að hafa iðkendur ÍR í þjálfun innan deildarinnar. Batt hún vonir við að sú ráðstöfun yrði til þess að brottfall minnkaði.

Einhvern tíma hefði þótt saga til næsta bæjar að framleiða þyrfti snjó á Íslandi. Í það stórvirki réðust ÍR-ingar á svæði sínu í Hamragili haustið 1999. Svo háttar til að fyrri hluta vetrar frystir oft án þess að snjói og fyrir vikið verður skíðavertíðin ekki endilega ýkja löng. Tilgangurinn með snjóframleiðslu sem hafin var á skíðasvæðum ÍR og Víkings á Hengilssvæðinu í nóvember 1999 var einmitt sá að lengja æfingatímabil skíðafólks. Um leið lengdist sá tími sem almenningur gæti notið skíðaiðkana. Væntu skíðamenn ÍR mikils af snjóframleiðslunni, en hún er t.d. undirstaða í rekstri skíðasvæða í Evrópu. Aldrei varð þó úr að hún kæmist í fastar skorður og yrði reglu-leg á ÍR-svæðinu. Þá varð hún aldrei í nógu stórum stíl til þess að til almenningsnota væri.

Tæki til framleiðslunnar voru tekin á leigu í Svíþjóð en notaður var sérstakur snjóblásari sem úðaði vatni undir miklum þrýstingi út í andrúmsloftið. Féll hann sem snjór til jarðar og því þurfti að vera frost í lofti. Snjógerðarvélin var höfð á meiðum í brekkum ÍR í Hamragili og Víkings í Sleggjubeinsskarði og gat framleitt 60 rúmmetra af snjó á klukkustund við bestu skilyrði, þ.e. í frosti og vatnshita undir 4°C. ÍR og Víkingur fjárfestu meðal annars í tveimur kílómetrum af níu tommu plströrum vegna snjógerðarinnar en vegna fyrirtækisins nutu félögin m.a. stuðnings ÍSÍ í gegnum vetraríþróttamiðstöðina, ÍBR og ÍTR, sem leigði snjóbyssurnar.

Framtíð skíðaíþróttarinnar á Reykjavíkursvæðinu í húfi

„Markmið okkar er að geta stundað snjóframleiðslu til frambúðar og lengt þannig skíðatímabilið. Við höfum tröllatrú á að þetta heppnist og er það reyndar mjög mikilvægt og nánast spurning um framtíð skíðaíþróttarinnar á Reykjavíkursvæðinu að snjógerðin gangi að óskum," sagði Auður Björg Sigurjónsdóttir, formaður skíðadeildar ÍR, af þessu tilefni í byrjun nóvember 1999, í samtali við Fréttavef Morgunblaðsins.

Snjógerðin hófst þremur vikum seinna, í lok mánaðarins, á svæði ÍR-inga í Hamragili. Var snjógerðarvélin þó stöðvuð á öðrum degi vegna hlýinda og skorts á fólki til að hafa auga með henni. „Loksins, loksins, nú er byrjað

að framleiða snjó í Hamragili, eftir mikla þrautagöngu og mikið sjálfboðastarf," sagði Auður. Er snjóbyssan var stöðvuð var næstum því kominn nægur snjór til að setja barnalyftuna í gang en snjótroðari dreifði snjónum jafnóðum og hann hrúgaðist upp.

„Hér er nóg af sjálfrennandi vatni til snjóframleiðslu og möguleikar miklir til að lengja skíðavertíðina. Við þjálfararnir hjá félögunum á höfuðborgarsvæðinu horfum hýru auga til þess sem verið er að gera á ÍR-svæðinu því það gæti gjörbreytt æfingamöguleikum keppnisfólks. Nú þarf bara að ganga frá því við Íþrótta- og tómstundaráð og Bláfjallanefnd að umsjónarmaður ÍR-svæðisins geti keyrt byssuna jafnhliða öðrum störfum sínum efra," sagði Guðmundur Jakobsson, yfirþjálfari skíðadeildar KR og skíðamaður úr ÍR, við Fréttavef Morgunblaðsins í tilefni af snjóframleiðslunni.

Snjóframleiðslan sannaði ágæti sitt fljótt. Aðstæður til æfinga breyttust til hins betra og varð til þess að á stundum voru brekkurnar á Hengilssvæðinu þær einu sem opnar voru á höfuðborgarsvæðinu. Eftir að Reykjavíkurborg tók við rekstri skíðasvæðanna þar virtist hins vegar draga úr áhuga borgarinnar á að halda snjóframleiðslunni gangandi. Þrátt fyrir sérstaka þjónustusamninga virtist rekstrarfé sem ætlað var til Hengilssvæðisins hvergi nærri duga. Því var engin snjóframleiðsla þar veturinn 2002–03. Þá var skíðavertíðin veturinn 2001–02 afleit fyrir félagið. Engar æfingar voru stundaðar í Hamragili og engin mót þar haldin þann vetur vegna snjóleysis. Æfingar voru helst stundaðar í Bláfjöllum sem opin voru með minna móti.

Keppendur á innanfélagsmóti ÍR sem haldið var á Snæfellsjökli 2003. F.v. Daði Rafn Jónsson, Katrín María Sigurðardóttir, Helga Kristín Óskarsdóttir, Anna Kristín Guðmundsdóttir, Fanney Rún Jónsdóttir, Ellen Dagmar Björnsdóttir, Bjarki Sveinbjörnsson, Jóhanna, Hlín Auðunsdóttir, Rakel Ýr Jóhannsdóttir, Sigurður Haukssson, Bjarki Snær Jónsson, Steingerður Árnadóttir, Diljá Jónsdóttir, Arnar Ingi Kristgeirsson, Tinna Rut Hauksdóttir, Stefán Ingi Jóhannsson, Einar Kristinn Kristgeirsson, Gunnar Örn Sigurðarson, Atli Sveinbjörnsson og Kristinn Logi Auðunsson.

Á sama tíma freistuðu borgaryfirvöld þess að fá félögin á Hengilssvæðinu til þess að færa sig um set og nema land í Bláfjöllum. Til þeirra skíðasvæða sem ÍR-ingar vildu nema – og hófu landnám á – rúmum þremur áratugum áður en hrökkluðust burt vegna mótlætis sem félagið mætti af hálfu borgarinnar.

Vandræði höfðu verið með vatnsöflun í Hamragili en samkomulag var gert milli ÍR og Orkuveitu Reykjavíkur um að OR útvegaði vatn til snjóframleiðslu gegn því að fá aðgang að landi ÍR vegna virkjunarframkvæmda á Hengilssvæðinu. Orkuveitan útvegaði lagnir að stofnlögn í Hamragil og var framkvæmdinni lokið um miðjan desember. Snjóframleiðsla hófst svo í gilinu á ný annan dag jóla 2003. Sannaðist ágæti hennar enn og

Á uppskeruhátíð í Skíðaskála ÍR 1996. Auður Björg Sigurjónsdóttir, formaður skíðadeildar, afhendir verðlaun.

aftur því á tímabili var Hengilssvæðið eina skíðasvæðið sem opið var á höfuðborgarsvæðinu. Mátti þakka það snjóframleiðslu strax í upphafi árs og alltaf þegar færi gafst.

Hópur skíðafólks úr ÍR í skíðaferð til Valdifiemme á Ítalíu 2002.

Deilt um tekjur af samningi um afnot af landi ÍR

Nokkrar deilur urðu í félaginu í fyrra vegna framangreinds samnings ÍR við Orkuveitu Reykjavíkur um efnisnám og afnot af landi ÍR í Hamragili. Gekk skíðadeildin nokkuð hart fram gegn aðalstjórn ÍR í því máli. Taldi hún tekjurnar tilheyra sér og væru ekki til ráðstöfunar aðalstjórnar til annarra deilda félagsins heldur til styrktar og viðgangs skíðaíþróttinni eingöngu. Fór svo að aðalfundur deildarinnar í apríl 2006 samþykkti að krefjast þess að allar tekjur vegna samningsins rynnu óskiptar til skíðadeildarinnar. Var samþykktin samhljóða kröfum sem stjórn skíðadeildarinnar hafði haft uppi gagnvart aðalstjórn félagsins.

Hér að framan er nefnt dæmi þess að eplið fellur ekki langt frá eikinni þegar hæfileikar á íþróttasviðinu eru annars vegar. Fleiri dæmi þess en þó annars vegar hafa komið fram innan skíðadeildar ÍR. Þegar skoðuð er skipan stjórnar hennar virðist deildin við fyrstu sýn hálfgert ættarveldi. Ræður þar líklega frekar tilviljun en erfðalyklar þess sköpunarverks sem mannslíkaminn er.

Þannig gerðist það starfsárið 1965 að tvennir feðgar sátu í stjórn skíðadeildar ÍR. Annars vegar Sigurjón Þórðarson formaður og Þórður sonur hans. Hins vegar Ragnar Þorsteinsson gjaldkeri og Reynir sonur hans. Ragnar var gjaldkeri skíðadeildarinnar lengi og einnig aðalstjórnar ÍR. Reynir gegndi þeim störfum líka og var góð regla á fjármálum félagsins í tíð beggja. Reynir er núverandi formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur. Þórður og Reynir voru ágætir skíðamenn. Synir Reynis, Gísli og Arnar Gauti, kepptu einnig fyrir ÍR með góðum árangri. Sá síðarnefndi varð meðal annars sigurvegari á Andrésar

Andarleikum og í unglingalandsliði á skíðum.

Skíðadeild ÍR stofnuð til að beisla áhuga almennings á skíðaiðkun

Sagan er ekki öll sögð um afkomendur og venslafólk Sigurjóns, hins dugmikla forgöngumanns skíðanna og formanns ÍR um tíma. Dóttir hans Auður Björg og tengdasonur hennar, Auðunn Friðrik Kristinsson, áttu síðar eftir að verða formenn deildarinnar og halda merkinu á lofti. Þá var maður Auðar Bjargar, Kristinn Gíslason, lengi í stjórn deildarinnar, m.a. í formannstíð tengdaföður síns.

Formenn skíðadeildar ÍR frá upphafi hafa annars verið: Jón Kaldal 1939–43, Ingólfur Gíslason 1943–45, Gísli B. Kristjánsson 1945–47, Sigurður Sigurðsson 1947–49, Ragnar Þorsteinsson 1949–56, Haraldur Árnason 1956–58, Þórir Lárusson 1958–64, Jakob Albertsson 1964–65, Sigurjón Þórðarson 1965–67, Reynir Ragnarsson 1967–70, Kristinn Gíslason 1970–72, Helgi Axelsson 1972–74, Hákon Guðmundsson 1974–75, Hreggviður Þorgeirsson 1975–76, Valur Pálsson 1976–85, Birgir Hermannsson 1985–94, Auður Björg Sigurjónsdóttir 1994–99, Einar Hafsteinsson 1999–l 2003 og Auðunn F. Kristinsson frá 2003.

Í upphafi var skíðadeild ÍR stofnuð til að koma til móts við almennan áhuga Reykvíkinga á hollri útivist og skíðaiðkun til fjalla. Má því segja að félagið hafi beitt sér í þágu almenningsíþrótta rúmum þremur áratugum áður en það hugtak varð til sem sérstakt viðfangsefni íþróttahreyfingarinnar. Af því leiddi þátttaka í mótum og áhersla

ÍR-ingar hafa verið duglegir að sækja snjóinn um lengri vegalengdir þegar snjó hefur vantað hér á höfuðborgarsvæðinu og hér eru þeir á æfingu í Tindastól í Skagafirði sem oftar.

á keppnisþáttinn. Oftast hefur fjöldi félagsmanna í deildinni sem iðkað hafa íþróttina sér til ánægju og heilsubótar verið miklu meiri en keppendur. Allar götur frá Kolviðarhólsárunum í öndverðu hefur gildi skíðaíþróttarinnar sem almenningsíþróttar verið viðurkennt. Og löngum hefur skíðamennska verið fjölskylduíþrótt. Það hefur sýnt sig í því að í áratugi hafa þúsundir manna streymt til fjalla í nágrenni borgarinnar á góðviðrisdögum og notið hins holla fjallalofts í brekkum eða í göngubrautum. Þá var oft fjör á Hólnum og í Hamragili.